



Veiði hafin í Ölfusá

Veiði í Ölfusá hófst mánudaginn 24. júní sl. er Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Árborg, tók fyrstu köstin. Hann setti í tvo laxa en missti báða. Gísli Halldór er hér á myndinni að ofan ásamt Guðmundi Mariasi Jenssyni, formanni Stangaveiðifélags Selfoss. Viktor Óskarsson, sem er á litlu myndinni hér að ofan, náði fyrsta laxinum sem var 4 punda hrygna, hún tók túpu sem heitir Grýla. Nokkurt líf var í ánni fyrsta daginn en oftast höfðu laxarnir betur en knáir veiðimenn. Myndir: ÖG.

Gáfu handprjónaðar dúkkur til HSU

Á kvenréttindadaginn 19. júní sl. komu þrjár konur í heimsókn til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Þær dvelja allar á Ási í Hveragerði og hafa stýtt sér stundir í vetur við að prjóna litlar dúkkur sem þær vildu gefa slysa- og bráðamótökunni á Selfossi.

Hugsunin á bak við gjöfina er að gleðja lítil börn sem af einhverjum orsökum verða að heimsækja slysa- og bráðamótökuna. Dúkkurnar sem eru 30 talsins eru í fallegum litum og engar tvær eins. Eiga dúkkurnar efallítið eftir að stöðva einhver tár og hugga lítil hjörtu.



Frá vinstri: Gunnhildur Þórmundsdóttir, Ásgerður Sigbjörnsdóttir, Anna María Snorraddóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á HSU, Jóna Sif Leifsdóttir hjúkrunarfræðingur á BMT og Arnfríður Gunnarsdóttir. Mynd: HSU.



Elvar íþróttamaður Rangárþings eystra 2018

Frá vinstri: Þórmarr Elvarsson, Andri Már Óskarsson, Elvar Þórmarrsson og Birta Sigurborg Úlfarsdóttir.

Þann 17. júní sl. var tilkynnt um val á íþróttamanni ársins 2018 í Rangárþingi eystra. Fjórir einstaklingar voru tilnefndir af íþróttafélögunum á svæðinu. Íþrótt- og æskulýðsnefnd valdi síðan úr þeim hópi. Í reglugerð kemur fram að íþróttamaðurinn skuli vera 15 ára eða eldri og hafa stundað íþrótt sína með íþróttafélagi í sveitarfélaginu eða vera með lögheimili þar. Fjórir einstaklingar voru tilnefndir, en það voru: Andri Már

Óskarsson golfari, Birta Sigurborg Úlfarsdóttir frjálsíþróttakona, Elvar Þórmarrsson hestaíþróttamaður og Þórmarr Elvarsson knattspyrnumaður.

Svo fór að íþróttamaður ársins 2018 var valinn Elvar Þórmarrsson. Elvar var í úrslitum á flestum mótum sem hann tók þátt í, þar með talið Íslandsmót fullorðinna og einnig á Landsmótinu sem haldið var í Reykjavík. Hann var einnig á meðal þeirra hröðustu í skeiðgreinum á árinu 2018.

Daði Freyr með tónleika á Sólheimum


Tónlistarmaðurinn Daði Freyr mun spila á Menningarveislu Sólheima, laugardag 29. júní nk. kl. 14:00 í Sólheimakirkju.

Framkoma Daða og Gagnamagnsins á laginu „Hvað með það“ í forkeppni Eurovision árið 2017 heillaði landsmenn upp úr skónum, en keppninni fylgdi gríðarleg athygli og hefur Daði átt góðu gengi að fagna allar götur síðan. Daði Freyr gaf út fyrstu plötuna sína & Co. í þessum mánuði. Platan inniheldur 8 lög þar sem Daði syngur ýmist einn eða með góðum gestum. Daði Freyr er búsettur í Berlín en



kemur til landsins í stuttan tíma í sumar og því gullið tækifæri að sjá hann í Sólheimakirkju á laugardaginn kl. 14:00.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA
Selfossi · Sími 699 1985 · 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

ÚTSALA - ÚTSALA

GERIÐ FRÁBÆR KAUP Á GÓÐUM VÖRUM

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Útboð vegna heildarendurskoðunar á aðalskipulagi Árborgar

Hjá Sveitarfélaginu Árborg er fyrirhugað að ráðast í heildarendurskoðun aðalskipulags. Af því tilefni óskar sveitarfélagið eftir tilboðum í vinnu ráðgjafateymis með sérfræðipækkingu á sviði skipulagsmála og umhverfismats eins og nánar er kveðið á um í útboðsgögnum. Áætlað er að verkinu verði að fullu lokið í árslok 2021.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi (.pdf) með tölvupósti frá og með 25. júní 2019. Beiðnir um afhendingu útboðsgagna og fyrirsurnir skulu sendar á netfangið utbod@arborg.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda auk upplýsinga um tengilið. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 31. júlí 2019 kl. 11:00 á skrifstofu Lögmannna Suðurlandi ehf., Austurvegi 1–5 á Selfossi.

Sveitarfélagið Árborg



Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, og Auður Guðmundsdóttir, deildarstjóri framkvæmda og þjónustu í Árborg, undirrita samninginn.

Ljósleiðarinn í dreifbýli Árborgar

Gagnaveita Reykjavíkur mun á næstu misserum leggja Ljósleiðarann í dreifbýli Árborgar. Samningur þessa efnis var nýlega undirritaður af Erling Frey Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur, og Auði Guðmundsdóttur, deildarstjóra framkvæmda og þjónustu í Árborg.

Stefnt er að því að ljúka verkefninu fyrir árslok 2020. Verkið verður unnið í tveimur áföngum. Byrjað verður á fyrri áfanganum strax nú í ár og þá verða um 40 heimili suður af Selfossi tengd.

Síðari áfanganum verður lokið á næsta ári og nær til um 20 heimila sem standa nær Stokkseyri og Eyrarbakka.

Framhald á fyrra samstarfi

Framkvæmdir eru nú þegar hafnar að tengja Ljósleiðarann í þéttbýlinu á Selfossi í samræmi við viljayfirlýsingu þess efnis frá í fyrravor. Stefnt er að því að um 60% heimila á Selfossi eigi kost á þjónustu um Ljósleiðarann í lok þessa árs og að öll heimili í Árborg verði tengd fyrir lok árs 2021.

Eitt gíg í boði

Öllum heimilum í Árborg mun standa til boða Eitt gíg gæðasamband Ljósleiðarans, sem gefur kost á 1.000 megabitum bæði til og frá heimili. Það er öflugasta nettenging sem býðst á almennum markaði hér á landi og þó víðar væri leitað.

Flest stærstu fjarskipta- og afþreyingarfyrirtæki landsins bjóða þjónustu sína um Ljósleiðarann og viðskiptavinum stendur til boða val á milli fjölmargra þjónustuleiða Vodafone, Nova, 365, Hringdu og Hringiðunnar.

Hrós vikunnar

Guðbjörg Ísleifsdóttir er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Guðbjörg Ísleifsdóttir

Ég vil þakka Eyðisi minni fyrir áskorunina og falleg orð í minn garð.

Hrós vikunnar fer til **Erlu Sigríðar Sigurðardóttur** og flotta fimleikahópsins hennar sem voru með frábæra sýningu á 17. júní-skemmtun á Hellu. Einnig fær **17. júní-nefndin** á Hellu og **kaffinefndin** sem var með frábærar veitingar hrós og þakkir.

Guðbjörg Ísleifsdóttir

Ég skora á góða vinkonu mína, Friðsemd Hafsteinsdóttur, að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Friðsemd, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Sumarlestur mikilvægur (Letnie czytanie bardzo ważne)

Starfsfólk skóla og skólaþjónustu í Árborg benda nú sem fyrr á mikilvægi þess að lesa í sumarfríinu. Rannsóknir sýna að sumarfrí nemenda getur haft í för með sér ákveðna afturför í námi því fyrri þekking og færni gleymist sé henni ekki haldið við. Hvað lestrarfærni varðar getur þessi afturför numið einum til þremur mánuðum á hverju sumri og

hjá barni í 6. bekk, sem aldrei hefur lesið yfir sumartímann, getur uppsöfnuð afturför numið einu og hálfu skólaári. Yngstu lesendurnir, nemendur í 1.–4. bekk, eru sérstaklega viðkvæmir fyrir sumarhrifum en börn sem glíma við lestrarerfiðleika, búa við litla lestrarmenningu heima fyrir eða eiga annað móðurmál en íslensku, eru einnig í áhættuhópi. Börn eru mjög dugleg að

viðhalda færni sinni og taka framförum hratt. Rannsóknir sýna að til þess að koma í veg fyrir afturför nægir að lesa að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku í um það bil 15 mínútur í senn.

Vakin er athygli á sumlestri í bókasafni Árborgar (<http://bokasafn.arborg.is/>). Þá er einnig gott að styðjast við sumarlausisdagatal Menntamálastofnunar en það inniheldur 31 skemmtilega leið að lestri. Einnig hafa dagatölin verið gefin út á ensku og pólsku.

GRÆNJAXLINN

FJÖLMIÐLAHÓPUR ZELSÍUZ - 2019

BÆJARSTJÓRINN Í ÁRBORG!

Hvað heitir þú og hvar býrð þú?

-Ég heiti Gísli Halldórsson og bý á Eyrarbakka.

Hvað hefurðu verið bæjarstjóri í Árborg lengi?
-Síðan 8. ágúst 2018.

Af hverju ákvaðst þú að taka við þessu starfi?

-Ég sá strax að þetta yrði krefjandi starf og það yrði mikið af askorunum sem fylgdu því.

Hefur þú verið bæjarstjóri einhvers staðar?

-Ég var bæjarstjóri á Ísafirði í 4 ár áður en ég kom á Selfoss.

Hvernig stendur Árborg sig í umhverfismálum?

-Árborg stendur sig ágætlega í loftslagsmálum, ekki verri en annars staðar; erum að reyna að rafmagnsvæða bíla í Árborg, við erum búin að koma nokkrum hleðslustöðum fyrir. Sorpumál eru betri en annars staðar, brúna tunnan kom inn til þess að flokka lífræna ruslið sér, svo flokkum við rusl í brennanlegt og óbrennanlegt. Brennanlega ruslið sendum við til Evrópu.

Ert þú spenntur fyrir nýja miðbænum?

-Já ég er mjög spenntur fyrir honum. Þetta verður samblanda af verslunum, kaffihúsum og matsölustöðum. Ég er mjög spenntur að sjá húsin byrja að myndast. Húsin verða í gömlum stíl og stemningin verður eins og í gömlum norskum miðbæ.

Ef þú gætir breytt einhverju í samfélaginu okkar, hvað væri það?

-Bæta alla hjóla og göngustíga og tengja þá betur saman.

Finnst þér ungt fólk í Árborg fylgjast með og hafa áhuga á því sem er að gerast í sveitarfélaginu?

-Mér finnst það ekki minna en annars staðar, sem er gott.

Ertu með einhver skilaboð til ungs fólks í Árborg?

-Ekki vera hrædd við að gera mistök, þegar það gerast mistök þá á maður að læra af þeim. Svo bara halda áfram að lifa lífinu.



Grænjaxlinn!

Grænjaxlinn er fjölmiðlahópur á vegum vinnuskóla Árborgar og félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz. Þú getur fylgst með okkur í sumar á netmiðlum eða hér í dagskránni!

Grænjaxlinn eru:

Alexandra Ósk Guðmundsdóttir
Daníel Þór Reynirsson
Margrét Þórhallsdóttir
Sigurður Hjaltason
Thelma Karen Siggeirsdóttir
Sesselja Helgadóttir
Viktória Kristín Guðmundsdóttir
Ólafur Bergmann
Geirmundur Viðar Sigurðson



fjolmidlahopur_zelsiuz



Grænjaxlinn

GÁTUR

Hvað hefur auga, en ekkert höfuð?

Hvað stendur opið á næturnar en fullt af mannakjöti á daginn?

Hver hleypur frá manni fótalaus?



Topp 3 staðir í Hveragerði!

Ölverk

- Ölverk er pizzastaður sem ber fram gómsætar pizzur og öl. Ölverk hefur verið að bera fram gæða eldbakaðar pizzur síðan 2017.

Listasafn Árnesinga

- Listasafn Árnesinga er safn í Hveragerði sem hefur margt að sýna t.d. málverk, skúlptúra, stytur og margt annað.

Skrúðgarðurinn

- Skrúðgarðurinn er fallegur garður sem maður getur gengið í gegnum. Ræktun garðsins hófst árið 1983 og þar er nú fallegur gróður með leiksvæðum, borðum og bekkjum.



BRANDARAHORNIÐ

Hvað voruð þið að gera í skólanum í dag?
Við fórum í ágiskunarleik!
Nú ég hélt að það væri stærðfræðipróf hjá ykkur?
Já það passar!

Konan við dýralækinn: Hvað á ég að gera?
Hundurinn eltir alltaf fólk á hjóli.
Dýralæknirinn: Taktu bara hjólið af honum!

Afhverju dóu mammútarnir út?
-Það voru ekki til neinir pabbútar.

„Gengur úrið þitt?“
„Nei, ég verð alltaf að bera það.“

Hvað er Grænjaxlinn að hlusta á?

Sumargleðin: Gummi Tóta og Ingó Veðurguð
Old Town Road: Lil Nas X ft. Billy Ray Cyrus
Con Calma: Daddy Yankee, Snow
Bad Guy: Billie Eilish
Earth: Lil Dicky
SOS: Avicii, Aloe Blacc
Sucker: Jonas Brothers
Lost in Japan: Shawn Mendes
Arcade: Duncan Laurence
She Got Me: Luca Hänni
Too Late For Love: John Lundvik
Klakar: Herra Hnetusmjör
Fataskáp Aftur: Herra Hnetusmjör
Dont Call Me Up: Mabel
Soldi: Mahmood
Piece Of Your Heart: Meduza, Goodboys
Mother's Daughter: Miley Cyrus
Enginn eins og þú: Auður
Apehit: The Carters
Remind Me to Forget: Kygo, Miguel
Happier: Marshmello, Bastille
Talk: Shadid
Giant: Calvin Harris ft. Rag'n Bone man
Walk me Home: PINK
Bad Liar: Imagine Dragons
High Hopes: Panic! At The Disco



Þú finnur okkur á Spotify!

Rangárþing Ultra heppnaðist vel



Fjallahjólakeppnin Rangárþing Ultra fór fram föstudaginn 14. júní síðastliðinn í þriðja sinn.

Keppnin er samstarfsverkefni Rangárþings eystra og Rangárþings ytra og hefur skipað sér sess hjá mörgu hjólréiðafólki á Íslandi.

Keppnin fór vel fram og voru viðbrögð keppenda og aðstandenda jákvæð og hefur umfjöllun um keppnina verið gríðarlega góð, enda lék veðurblíðan við keppendur og allir komu heilir í mark.

Vegna þurrka undanfarnar vikur í sveitarfélögunum reyndist brautin vera nokkuð strembnari en oft áður. Til að mynda var sandurinn við Helluvað og með-

fram Þingskálavegi torfær svo hjólin skrikuðu hjá sumum og keðjur fóru undan hjá öðrum, þó flestir hafi farið í gegnum brautina án skakkafalla. Sérstaða keppninnar er að leiðin, sem er um 50 km löng milli Hellu og Hvolsvallar, kemur aldrei inn á þjóðveg 1.

Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum, bæði karla og kvenna. Svona hljómuðu heildarúrslit fyrir besta tímann í braut:

Konur:

- 1. Ágústa Edda Björnsdóttir 01:46:12
- 2. Björk Kristjánsdóttir 01:50:30
- 3. Hrefna S. Jóhannsdóttir 01:56:11

Karlar:

- 1. Ingvar Ómarsson 01:29:51
- 2. Birkir Snær Ingvason 01:32:36
- 3. Eyjólfur Guðgeirsson 01:33:43

Alls spreytti 101 keppandi sig í brautinni þetta árið og vonast mótshaldarar til að fá enn fleiri á næsta ári. Keppnin verður haldin 12. júní 2020 svo fólk er beðið um að taka daginn frá.

Mótshaldarar vilja þakka Sláturfélagi Suðurlands fyrir myndarlegan stuðning við keppnina. Einnig Ungmennafélaginu Heklu, Björgunarsveitinni Dagrenningu, Flugbjörgunarsveitinni Hellu, starfsmönnum sveitarfélaganna, sem og öðrum sem lögðu hönd á plóg, fyrir sína aðkomu.



Fyrsta mýrdælska Íslandsmetið



Ungmennafélagið Katla náði góðum árangri á Meistararamóti Íslands 11–14 ára sem fram fór á Laugardalsvelli um helgina. Vann Kötlufólk til tveggja Íslandsmeistaratitla, þriggja bronsverðlauna og átti fjöldan allan af bætningum og keppendum í úrslitum.

Stephanie Ósk Ingvarsdóttir varð Íslandsmeistari í hástökki 12 ára stúlkna er hún stökk 1,56 m og jafnaði um leið Íslandsmetið og mótsmetið. Jafnframt setti hún héraðsmet í kvenna-



flokki. Stephanie Ósk varð einnig Íslandsmeistari í langstökki, stökk 4,80 m og bætti um leið héraðsmet í 12 og 13 ára flokkum. Hún varð í 3. sæti í spjótkesti með kast upp á 20,63 m og í 3. sæti í 60 m hlaupi er hún hljóp á 8,78 sek. (riðlakeppni) og 8,82 sek. (úrslit). Karl Anders Þórólfur Karlsson varð í 3. sæti í hástökki pilta, stökk 1,51 m.

„Það var mikið um bætningar og persónulega sigra og er allur árangurinn glæsilegur, en óneit-

anlega stendur Íslandsmetið upp úr. Einnig er þetta frábær hvatning og sýnir okkur að við getum allt. Oft og tíðum vill fólk draga úr metnaði og kröfum því við komum úr litlu bæjarfélagi eða erum fámenn. Þvílík vitleysa. Við getum, við skulum, við viljum. Leggjumst öll á eitt og stefnum hærra, því við getum farið hærra og við viljum alla með,“ segir Ástþór Jón Tryggvason þjálfari krakkanna í Umf. Kötl. Nánari úrslit má sjá á thor.fri.is.



Matgæðingur vikunnar er Brynjar Svansson.



Ég þakka Hjalta fyrir þennan bjarnargreiða en ég verð að reyna að standa mig svo ég bregðist ekki hans trausti. Ætlaði eitt sinn að verða kokkur en lífið æxlaðist svo að ég fór í rafmagnið. Þar sem nú er að hefjast stangveiðitímabilið þá er upplagt að koma með uppskrift að forrétti sem má vera lax eða silungur en bæði smakkast afbragðs vel í þessum rétti.

Forréttur:

Lax eða silungur er beinhreinsaður mjög vel og skorin í hæfileg stykki. Hulið í grófu salti í um 25 mín. og þá er saltið skolað af, stykkinn sett í skál og alveg hulin í Egils appelsínubýkkni í um 24 tíma. Stykkinn tekin og sett í reyksuðupott með viðarspæni í botninum í um 10–15 mín. fer svolítið eftir úthitastiginu. Borið fram kælt. Mér finnst best að borða þennan rétt sósulausan því þá nýtur reyklarbragðið sín mjög vel með svala appelsínubragðinu.

Aðalréttur:

Lambafillet, best að úrbeina hrygginn sjálfur. Vöðvinn skorinn í hæfileg stykki og fitulagið ofan á í hæfilega teninga. Kryddað með salti og helst Sea-

son all eða öðru góðu kryddi, látið standa við stofuhita til að ná upp innhitunum fyrir matreiðslu. 5–6 tímar.

Grillið hitað í 180–200 gráður og kjötið sett á grillið með fitulagið niður í um 10 mín. síðan er kjötinu snúið við og látið vera í 10–15 mín. fer eftir hvaða innlitur á að vera á kjötinu. Heildar steikingar tími upp á 25 mín. þá er það nokkuð vel steikt.

Með þessu er borin fram bökuð kartafla, ferskt salat og fetastur. Fyrir þá sem vilja sósu þá er villisveppasósa það albesta með þessum rétti. Best er að drekka vatn með þessu en til hátíðabrigða er gott að vera með Brunello Di Montalcino.

Eftirréttur:

Þar sem ég er lítill eftirréttamaður þá mæli ég frekar með að sest sé niður og opnuð flaska af t.d. Masi Nectar Costasera rauðvíni eða öðru svipuðu.

Að lokum vil ég skora á vin minn og vinnufélaga hjá Rarik Þóri Tryggvason að gerast næsti matgæðingur vikunnar en hann er víst mjög fær á pottana.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðan en á sunnudegi.

Viðburðadagatal Markaðsstofu Suðurlands

Á vefsíðu Markaðsstofu Suðurlands, south.is/vidburdir, er viðburðadagatal fyrir allt Suðurland. Þar er tækifæri til að birta alla viðburði á Suðurlandi á einum stað. Skipuleggjandi viðburðar getur sjálfur sett inn upplýsingar og hægt að birta á íslensku og ensku.

Eins og staðan er í dag þá birtast viðburðir á Suðurlandi á ýmsum stöðum s.s. í héraðsblöðum og á Facebook-síðum, sem er gott og gilt, en það eykur sýnileika og upplifun ferðafólks og íbúa að geta skoðað alla viðburði á einum stað.

Markaðsstofa Suðurlands hvetur sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, einstaklinga og fé-



lagasamtök til þess að nota viðburðadagatalið þannig að viðburðir á Suðurlandi verði sýnilegri fyrir íbúa og gesti svæðisins.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Óm Guðnason, sími 856 0672, omg@prentmet.is.
Bláamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraey 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf, Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Hátt á kvenna hefði er,
hentugt mjólkurilát var,
og efst í fjalli unír sér,
alengt kýr- og fjárnafrn hér.
Og landnámskona í Eyjafirði einnig heitið bar.

Svar við gátu í blaði 2503: GLAS.

Handverksdagur gamalla hefða

laugardaginn 29. júní kl.12 - 15 í Gömlu Þingborg rétt utan við Selfoss



Fimmta árið í röð mun Víkingafélag Suðurlands ásamt Gallery Flóa og Ullarvinnslunni bjóða ykkur velkomin að njóta með okkur hefða í handverki líkt og var gert á tímum víkinga.

Við sýnum gestum og gangandi hvernig víkingarnir unnu, m.a. glerperlugerð og jurtalitun ullar.

Íslenskar landnámshænur verða á svæðinu.

Súpa og brauð í boði á staðnum.





Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,



Gerðar Guðjónsdóttir,
Ártúni 7, Selfossi

Jónína Sigurjónsdóttir Sæmundur B. Ingibjartsson
Jón Garðar Sigurjónsson Ólöf Rún Tryggvadóttir
Ævar Smári Sigurjónsson Kristín Bjarnadóttir
Sigurður Ellert Sigurjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Fossvegur 10, íbúð 304, Selfossi



Góð þriggja herbergja 96,2 fm íbúð á þriðju hæð í lyftuhúsi ásamt 6,0 fm sérgæmslu samtals 102,2 fm í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Fossveg á Selfossi. Húsið er byggt árið 2004 og allt umhverfi þess fullgert. Inngangur í íbúðina er frá svalainngangi.

Íbúðin skiptist í flísalagða forstofu og þar er fataskápur. Rúmgóð stofa er með útgengi út á svalir. Eldhús er opið að stofunni og þar er góð innrétting og borðkrókur. Hjónaherbergi er með stórum fataskáp, minna herbergi sem einnig er með fataskáp. Til hliðar við gang er gluggalaust herbergi/geymsla. Flísalagt baðherbergi er með góðri innréttingu og sturtu. Þvottahús er innan íbúðarinnar. Gólfefni eru flísar og parket. Sér geymsla er á jarðhæð sem og sameiginleg hjólagæmsla. Mjög snyrtileg sameign og stigahús.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Sigurðsson, löggiltur fasteignasali í email: sigurður@log.is eða í síma: 690 6166.

Opið hús fimmtudaginn 27. júní
kl: 17:00 – 17:30



Fríðarstaðareitur, lýsing á deiliskipulagsáætlun

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 13. júní 2019 var samþykkt að kynna fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum lýsingu á deiliskipulagi Fríðarstaðareits í Hveragerði sbr. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 13 ha að flatarmáli og þar af er byggingarland um 5,6 ha. Svæðið nær til verslunar- og þjónustureitsins „VP2“ og að hluta til, til opnu reitanna „OP2“, „OP4“ og „OP12“, sbr. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029. Lóðirnar Hverhamar, Hverahvammur, Álfahvammur, Álfafell 1 og 2, Varmá 1 og 2 og Fríðarstaði eru innan svæðisins og einnig opin svæði norðan Fríðarstaða og sunnan Hverhamars, Grýlusvæðið, og Varmárbakkar þar sem þeir liggja að ofangreindum lóðum og svæðum. Gamla rafstöð Mjólakurbús Ólfusinga ásamt tilheyrandi stíflumannvirkjum er innan svæðisins. Á svæðinu er nú í gildi deiliskipulag fyrir Fríðarstaði og fyrir Hverhamar/Hverahvamm.

Deiliskipulagslýsingin, sem gerð er skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar og er aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum, ábendingum eða tillögum, sem nýta má við deiliskipulagsgerðina, skulu senda þær til skipulagsfulltrúans í Hveragerði á heimilisfangið Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar



Sumarfrí... við mælum með Íslandi!

Íslendingar hafa alltaf verið duglegir að ferðast um landið sitt og líklega er algengasti ferðamáti þeirra innanlands með þeim hætti að keyra um landið og fara í útilegur með fjölskylduna. Notalegt er að grilla á tjaldsvæðum vítt og breitt um landið og frábært að skella sér í sund á fjölmörgum stöðum.

Íslendingar eru líka duglegir að ferðast erlendis en þá er ferðamátinn oftast nær annar. Þá gista Íslendingar á hótélum, borða á veitingastöðum og kaupa sér afþreyingu. Margir kannast eflaust við að hafa farið utan og borðað á fleiri veitingastöðum á einni viku en þeir gerðu allt síðasta ár á Íslandi! Þá kaupir fólk oft og tíðum afþreyingu á borð við skemmtigarða, vatnsrennibrautagarða, þemagarða, sjóskíði, jetski, jeppaferð, köfun, fjórhjólaferð, hjólaferð, skíðaferð, aðgang í söfn, matarupplifun með leiðsögn, gönguferð með leiðsögn og svo mætti lengi telja.

Á Íslandi er fjölbreytt afþreying í boði sem gefur afþreyingu erlendis ekkert eftir. Á Suðurlandi er til að mynda fjölbreytt afþreying á borð við hellaferðir, fjórhjólaferðir, rib bátaferðir, kajak,

zipline, hestaferðir, köfun, hjólaferðir, jeppaferðir, íshellaferðir, snjósleðaferðir, gönguferðir með leiðsögn, fuglaskoðun, skoðunarferðir á margvísleg söfn, heimsókn í húsdýragarða og margt fleira. Matarupplifun á fjölbreyttum veitingastöðum er víða að finna á Suðurlandi þar sem boðið er upp á mat úr sunnlensku hráefni. Einnig er hægt að finna fjölbreytta gistingu um allt Suðurland eins og gistihús, hótél, íbúðagistingu, tjaldstaði, hostel, glamping (lúxus tjaldgisting) og ýmislegt fleira. Þetta fjölbreytta framboð af veitingastöðum, afþreyingu og gistingu er hluti af þeim jákvæðu áhrifum sem ferðapjónustan hefur á samfélagið.

Gleymum við að upplifa Ísland á sama hátt og við leyfum okkur að upplifa þegar við erum erlendis? Við erum vön því að geta gert skemmtilega hluti á Íslandi sem kosta lítið sem ekkert, eins og að fara í útilegu og sund, og leyfum okkur oft og tíðum ekki að kaupa afþreyingu og upplifun á Íslandi líkt og við gerum erlendis.

Varðandi kolefnissporið þá er mun umhverfissvænna fyrir okkur

sem búum á Íslandi að ferðast um Ísland heldur en að taka flugið á erlenda grundu. Í því samhengi má bæði nefna samgöngumátann og það staðbundna hráefni sem við getum notið á ferðalagi okkar um landið. Ekki svo að við hættum að ferðast erlendis en við gætum stefnt að meira jafnvægi í ferðalögunum okkar og um leið minnkað flugvísukubitið svokallaða. Við mælum með því að fólk ferðist um Suðurland og landið allt í sumar og leyfi sér að upplifa allt það sem íslensk ferðapjónusta býður upp á. Hægt er að nálgast upplýsingar um fjölbreytta afþreyingu, viðburði, veitingastaði og gistingu á <https://www.south.is/is>.

#suðurland #ferðapjónusta
#jákvæðáhrif
#kunnugurstaðreyndum
#kunnugurstaðhátum

Markaðsstofa Suðurlands er hluti af stoðkerfi ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Tilgangur hennar er m.a. að hafa yfirsýn, gæta hagsmuna og veita upplýsingar um atvinnugreinina. Þessi grein er liður í að efla umræðu og fræðslu um áhrif ferðapjónustu á svæðinu.

Garðaskoðun Garðyrkjufélags Árnesinga í Hveragerði



Skrautlegur garður. Mynd: Garðyrkjufélag Árnesinga.

Sunnudaginn 30. júní nk. gengst Garðyrkjufélag Árnesinga fyrir garðaskoðun og verður hún að þessu sinni í Hveragerði og Ölfusi. Garðaskoðunin hefst kl. 13:00 stundvíslega í garði Ingibjargar Sigmundsdóttur og Hreins Kristóferssonar, við Heiðmörk 31 í Hveragerði og síðan verður farið í aðra fallega garða í Hveragerði.

Skoðuninni lýkur með því að Guðmundur Birgisson á Núpum í Ölfusi gengur með gestum um skógræktarsvæðið á Núpum, en þar er vissulega margt forvitnilegt og fallegt að sjá. Leiðsögn Guðmundar hefst stundvíslega kl. 16:00. Allir eru hjartanlega velkomnir í garðaskoðunina og útlit er fyrir þökkalegt veður. V.Br.

Ertu með
viðburð á
Suðurlandi?

Komdu honum á
framfæri á
viðburðadagatali
south.is



Markaðsstofa
Suðurlands
Visit South Iceland

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál:

Samkvæmt 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing fyrir eftirfarandi aðal-skipulagsbreytingu:

1. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Hrafnaklettar L166387. Súluholt.

Kynnt er skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem felur í sér að landspildan Hrafnaklettar, L166387, 2 ha að stærð verður breytt úr frístundasvæði (F44) í landbúnaðarland. Fyrir eru 2 sumarhús á spildunni.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

2. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. HEILDARENDURSKOÐUN

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt dags. 28.11.2018, að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 skv. 31. gr. laga nr. 123/2010. Gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 var staðfest af ráðherra 6. apríl 2006. Við gildistöku nýs aðalskipulags 2017-2029, mun gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 falla úr gildi. Með nýrri aðalskipulagstillögu liggja fyrir forsendur, umhverfisskýrsla og greinargerð, auk uppdráttar fyrir hálendi, afrétt og byggðar á láglandi. Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi, og á skrifstofu skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, Dalbraut 12 á Laugarvatni, og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is og á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. www.skeidgnup.is. Tillagan er í auglýsingu frá 26. júní til 7. ágúst 2019. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 7. ágúst 2019. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða á netfangið runar@utu.is.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

3. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Apavatn 2 L167621 Presthólar, malarnámur.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin felst í að færð verður inn í aðalskipulagsuppdrátt Bláskógabyggðar 4,91 ha merking í landi Apavatns 2, fyrir malarnámu sem væri allt að 50.000 m³ að stærð. Náman fengi heitið E129.

4. Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem breyta á nýtingu 10 ha spildu á skilgreindu landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti, Hrunamannahreppi. Spildan liggur að skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli, merkt F16. Breytingin felur í sér að spildunni verði breytt í frístundasvæði og þar með mynda samfellu með frístundasvæðinu merkt F16.

5. Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Miðmundarholt 1-6.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun í Miðmundarholti, úr Í3 sem er íbúðarbyggð, í verslunar- og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gistingu í rekstrarflokki II.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt eftirfarandi skipulagstillaga:

6. Deiliskipulag, Einiholt 3 L192608. Skógarholt. Bláskógabyggð.

Kynnt er tillaga nýs deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og bílskúrs, skemmu/hesthúss,

skemmu, geymslu/gróðurhúsi og tveimur gestahúsum á afmörkuðum lóðum. Alls er gert ráð fyrir að byggingarmagn geti orðið allt að 790 m².

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulags-áætlunum:

7. Deiliskipulag. Kerið 1 L172724. Gestastofa og bílastæði. Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Kerfélagsins ehf. til norð- og suðausturs og miðlínu Biskupstungnabrautar til norðvesturs. Deiliskipulagssvæðið er um 27 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að afmarkaðar verði tvær lóðir austast á svæðinu undir gestastofu, bílastæði og þjónustubyggingar. Þá er gert ráð fyrir einni lóð norð-vestur af Kerinu undir þjónustubyggingu. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri aðkomu austast á svæðinu og mun núverandi aðkomu að Kerinu verða lokað.

8. Deiliskipulag Sauðholt 2 lóð L220917 í Ásahreppi.

Deiliskipulagið tekur til 8978m² sumarhúsaloðar í landi Sauðholts í Ásahreppi. Heimilt verður að byggja sumarhús allt að 80m², gestahús allt að 25m² og geymslu allt að 15m². Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0,03.

9. Deiliskipulag Hlemmiskeið 2F. L227089 (Hraunsnef). Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Deiliskipulagstillagan tekur til 11,3 ha landspildu í Hraunsnefi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (Hlemmiskeið 2F). Ætlunin er að byggja upp lögbýli með landbúnaðartengda starfsemi. Heimilt verði að byggja allt að 800 m² íbúðarhúsnæði (þrjú hús) og 4400 m² húsnæði tengt búrekstri. Þar er m.a. um að ræða 500m² gripahús, 1000m² reiðhöll og 1000m² fjölnota skemmu/gripahús.

10. Deiliskipulagsbreyting. Leynir 2. hluti. Giljalönd 1-3. Bláskógabyggð.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér í stað nokkurra smærri byggingareita á lóð verði einn byggingareitur og innan hans megí reisa 5 stk. 30 m² smáhýsi og 1 þjónustuhús allt að 72 m² að stærð.

11. Deiliskipulagsbreyting. Öndverðarnes I. Frístundabyggð. Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að leyft verði að byggja allt að 40 m² gestahús/geymslu/gróðurhús á lóðum sem eru 4.000 m² og stærri. Í stað 25 m² í gildandi skipulagi. Á lóðum sem eru minni en 4.000 m² skuli notast við gildandi skilmála, þ.e. 25 m². Þá fellur út ákvæði um hámarksstærð húsa sem er 250 m² í gildandi skilmálum þar sem það fer yfir nýtingarhlutfallið 0,03 vegna stærðar lóða innan skipulagssvæðisins.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

12. Deiliskipulag Svarfhólsvöllur Inr. 166322 Golfvöllur, Flóahreppi.

Auglýst er niðurstaða sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 4.6.2019, vegna deiliskipulags fyrir Svarfhólsvöll í Flóahreppi. Um er ræða 70 ha svæði 18 holu golfvallar Golfklúbbs Selfoss. Athugasemdir bárust frá landeigendum Laugardæla. Bókun sveitarstjórnar: Sveitarstjórn Flóahrepps beinir því til umsækjenda að gera lagfæringar á greinargerð og uppdretti til þess að koma til móts við athugasemdir landeigenda í Laugardælum. Skipulagsfulltrúa falið að senda lagfærða tillögu til Skipulagsstofnunar. Gerðar hafa verið lagfæringar á gögnum og komið til móts við athugasemdir landeigenda Laugardæla og hefur skipulagsfulltrúi sent Skipulagsstofnun deiliskipulagið til afgreiðslu.

13. Deiliskipulagsbreyting. Torfastaðaheiði frístundabyggð. Bláskógabyggð.

Auglýst er niðurstaða sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að deiliskipulagsbreytingu 2. áfanga frístundabyggðar (F63) í Torfastaðaheiði, Bláskógabyggð. Breyting á gildandi deiliskipulagi felst í að, inn í skilmála var bætt við ákvæði/texta sem heimilar útleigu frístundahúsa á

svæðinu í atvinnuskyni, fyrir allt að 10 manns á hverri lóð. Skipulagsstofnun telur að með slíkri breytingu á deiliskipulagi og heimild fyrir allt svæðið til útleigu húsa í atvinnuskyni, eigi betur við að landnotkun sé skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði á fundi sínum 20.6.2019:

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagsbreytingu og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingartillöguna í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn telur að þess sé getið í greinargerð Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, að „komi fram ósk um atvinnurekstur,t.d. gistingu, þarf að skoða aðstæður á hverjum stað. Áður en starfsemi er heimiluð þarf að liggja fyrir samþykki eigenda sumarhúsa á svæðinu.“ Fyrir liggur samþykki allra lóðarhafa á svæðinu fyrir áformum um heimild til að leyfa gistingu í atvinnuskyni í frístundabyggðinni.

14. Deiliskipulag frístundabyggðar Sandskeiðs úr landi Miðfells Bláskógabyggð.

Auglýst er niðurstaða sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna athugasemda Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands við tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Sandskeiði í landi Miðfells í Bláskógabyggð. Breytingar í kjölfar athugasemda umsagnaraðila og eftir auglýsingu gera ráð fyrir að skert er á skilmálum og greinargerð er varðar gr. 3.10. Frárennsli, gr. 4.6. Gróður, gr. 5.2 Stærð húsa, gr. 5.6 Hæð sökkla og gr. 5.11 Fornleifar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði á fundi sínum 9.5.2019: *Varðandi umsagnir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þá telur skipulagsnefnd að þar sem um er að ræða eitt elsta sumarhúsaahverfi á Íslandi, þá sé óraunhæft að gera kröfur um sameiginlegt frárennsli á svæðinu, en gerir þess í stað kröfu um að hreinsibúnaður verði bættur með ítarlegri hreinsun, þ.e. meira en tveggja þrepa hreinsun. Þá skuli stefnt að því að afla neysluvatns úr vatnsbóli sem geti annað vatnspörf svæðisins í heild. Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar hefur verið skert á ákvæðum er varða gróður og plöntun trjáa á deiliskipulagssvæðinu. Ekki verður orðið við ábendingum vegna fjarlægðar byggingarreita frá vegi. Tekið hefur verið tillit til umsagna og ábendinga Minjastofnunar Íslands. Þá hafa verið gerðar breytingar á skilmálum og uppdretti í kjölfar ábendinga Skipulagsstofnunar. Tekið skal fram að lagfærð og uppfærð gögn hafa verið send umsagnaraðilum og ekki komið viðbrögð við þeim. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar felur skipulagsfulltrúa að birta auglýsingu um niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi gr. 5.7.1 skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og senda Skipulagsstofnun tillöguna til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagagag nr. 123/2010 og birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.*

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Skipulagstillögur nr. 1 og 6 eru í kynningu frá 26. júní til 10. júlí 2019 en tillögur nr. 2-5 og 7-11 eru í auglýsingu frá 26. júní til 7. ágúst 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögu- um nr. 1 og 6 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 10. júlí 2019 en 7. ágúst 2019 fyrir tillögur nr. 2-5 og 7-11. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Ath.**Tillaga nr. 2** verður til sýnis á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi á skrifstofu skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, Dalbraut 12 á Laugarvatni og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is og á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. www.skeidgnup.is

Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku



Já
82%

NEI
18%





Einfaldaralíf.is

ÞAÐ ER BARA SVO BRJÁLAÐ AÐ GERA...

Ég sá auglýsingu frá Virk starfsendurhæfingarsjóði um daginn þar sem skotið er hressilega á okkur Íslendinga og þessa frægu setningu. „Brjálað að gera!“ Virk fór af stað með verkefni með yf-irskriftinni „Brjálað að gera“ til þess að vekja athygli á því hvað fólk er oft undir miklu álagi í einkalífinu og á vinnu-staðnum.

Í gegnum tíðina hefur það þótt vera „flott“ að segjast hafa brjálað að gera.

Af hverju þarf að vera brjálað að gera til þess að við upplifum okkur einhvers virði? Allt of margir einstaklingar hafa lent í kulnun, einfaldlega af því að það er brjálað að gera. Ætlast er til að fólk hafi tíma til að sinna vinnu, fjölskyldu, áhugamál-um, líkamsræktinni og öðru sem kemur óvænt upp á án þess að kikna. En hjá flestum okkar gengur það ekki til lengri tíma. Á einhverjum tímamarki gefur eitthvað sig og oftast er það líkaminn, andleg heilsa eða bæði.

Í starfi mínu legg ég mikla áherslu á að hjálpa einstaklingum að finna jafnvægi í lífi sínu. Það er ekki nóg að borða næringarríkan og hollan mat og mæta í ræktina nokkrum sinnum í viku til þess að upplifa jafnvægi. Til þess að ná jafnvægi þá er mikilvægt að þú hafir einnig tilgang, að þú eigir uppbyggjandi og góð

sambönd í lífi þínu, að þú sinnir andlegri heilsu og þú sinnir áhugamálum sem þú elskar.

Hvernig væri að við tækjum höndum saman og hættum að gera setningunni „það er svo brjálað að gera“ hátt undir höfði. Hvernig væri að við myndum einfalda lífið. Hvernig væri að við myndum gefa okkur tíma daglega til þess að gera eitthvað sem nærir okkur andlega og líkamlega. Hvernig væri að við myndum rækta sam-bönd sem hafa jákvæð áhrif á okkur.

Hvernig væri að við einfölduðum dag-skrána og lærðum að segja NEI! Einfaldara líf fyrir mig lítur kannski ekki út eins og einfaldara líf fyrir þig. Einfaldara líf fyrir mig er það geta sinnt því sem hjarta mitt brennur fyrir. Einfaldara líf er það að geta sest niður og lesið bók og haft hugann við bókina. Einfaldara líf er það að njóta dagsins og vera glöð og ánægð í því starfi sem ég sinni. Einfaldara líf er það þegar ég get notið þess að sinna fjölskyldu minni og börnum án þess að bíða bara eftir að dagurinn líði og allir fari að sofa.

Hvernig er einfaldara líf fyrir þig? Njóttu dagsins!

Gunna Stella, heilsu- mark- þjálfari, kennari og fyrirlesari

Sumarkjól

Ásumrin er gott að skottast um í léttum kjól. Uppskrift vikunnar er telpukjól í stærðum 1- 3ja ára, prjónaður úr Bamboo Jazz sem er skemmtileg blanda af bómull og bambus. Garnið er létt og áferðarfallegt og fæst í fjölda fallegra lita. Kjöllinn nýtist líka vel á vetrum við leggings og síðerma bol undir.

Skýringar:
sluá: slá upp á prjóninn

3 l saman: takið 2 l óprjónaðar frá vinstri fram af prjóninum, prjónið næstu l sl og steypið lykkjunum tveimur yfir hana, þannig myndast 2ja lykkna úrtaka og miðjulykkjan kemur beint upp.

Efni:
4-4-5 dk Bamboo Jazz, hringprjón nr. 3,5, sokkaprjónar nr. 3,5, heklunál nr. 3,0, prjónamerki, 1 tala.

Mynstur:
Mynstrið hleypur á 12 l

1. umf:
4 l sl, sluá, 1 sl, sluá, 4 sl, prjónið 3 l saman, endurtakið * * út prjóninn.

2. umf:
prjónið allar l sl 3. umf: prjónið allar l sl. Endurtakið þessar 3 umferðir.

Uppskrift:
Stærðir:
1 - 2ja - 3ja ára.

Bolur:
Kjöllinn er prjónaður í hring, neðanfrá og upp. Fitjið upp 216-228-240 l á prjóna no 3,5 og prjónið 2 umf garðapryjón. Prjónið 1 umf sl og því næst mynstur. Haldið þannig áfram þar til stykkið mælist 31-34-37 sm. Prjónið næstu umferð slétta en prjónið um leið 2 og 2 l saman alla umferðina (lykkjum fækkar þannig um helming). Þá eru 108-114-120 l á prjóninum. Setjið 8 l á hjálparnælu, prjónið 46-49-52 l brugnar, 8 l á hjálparnælu og prjónið 46-49-52 l brugðnar. Leggið stykkið til hliðar og prjónið ermar.

Ermar:
Fitjið upp 48-48-60 l á prjóna nr. 3,5 og prjónið 2 umf garðapryjón. Prjónið 1 umf sl og því næst mynstur. Haldið þannig áfram þar til stykkið mælist 16-18-20 sm Setjið 8 l á hjálparnælu, og prjónið ermina við búkinn. Prjónið aðra ermi eins.

Axlarstykki:
Setjið 4 prjónamerki, eitt við hver mót bols og erma. Prjónið áfram í hring og haldið mynsturprjóni óbreyttu áfram á ermum. Prjónið næstu umferð slétta á bolnum og þar næstu umferð brugðna.

Nú hefst úrtaka og er hún gerð í annarri hverri umferð. Gætið að hvernig lykkjurnar leggjast, fyrri úrtakan er þannig að tvær l eru prjónaðar saman vinstri til hægri (þannig að lykkjan leggist yfir úrtökulykkjuna) og seinni úrtakan þannig að 1 l er tekin óprjónuð næsta l prjónuð sl og óprjónuðu l steyp yfir. Engar lykkjur eru prjónaðar milli úrtakanna tveggja. Mynsturprjón heldur áfram yfir ermarnar en sléttprjón yfir fram- og bakstykki. Prjónið þannig alls 16, 18, 20 úrtökumferðir. Nú er prjónað slétt fram og til baka en athugið að byrja þessar umferðir á miðju bakstykki, í fyrstu umferð er fækkað jafnt yfir prjóninn þannig að 57-59-61 l eru á prjóninum. Prjónið alls 3 garða. Fellið laust af frá réttunni. Þegar 1 l er eftir takið þá heklunál no 3,0 og heklið hnappagat, 6 ll, 1 kl í neðsta garðapryjónsgarðann, snúið við og heklið 9 fl um loftlykkjubogann, 1 kl í upphafslykkjuna. Klippið garnið frá, gangið frá endum, festið fallega tölu aftan á hálsnál og skolið kjöllinn úr mildu sápuvatni.

Uppskrift:
Dóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314





FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Skólamál í Bláskógabyggð

Umræðan um skólana í Bláskógabyggð hefur marga anga og vandasamt að drepa þar niður fæti. Það verða seint allir sammála í þessum efnum en við verðum að leggja okkur fram um að skilja hvert annað og ná sem mestri sátt. Hér ætla ég að fjalla um nokkur atriði sem mér finnst vert að gefa gaum.

Fagmennska

Við erum rík af þremur góðum skólum. Öflugum skólasamfélagum, með sínum sérkennum og menningu, stefnum og áherslum. Samstarf varðandi kennslu á unglingastigi þarf hins vegar að bæta og lagðar hafa verið fram tillögur til að gera það. Nú hefur fyrirkomulagið verið þannig að unglingarnir á Laugarvatni eru keyrð í Reykholt tvo daga í viku. Tillaga skólastjórnenda er svohljóðandi (og rökstudd og útfærð nánar í aðgerðaáætlun sem finna má á heimasíðu skólans):

Horft til lotukennslu í [Bláskógaskóla Laugarvatni] og [Bláskógaskóla Reykholti]. Nemendur komi saman þrisvar á skólaárinu 3–5 daga í senn, í öðrum skólanum. Skipting verkefna á skóla fer eftir aðstöðu í hvorum skóla. Í þessum staðlotum yrði þema tengd verkefna miðuð kennsla. Umsjónarkennarar (o.e.a. aðrir kennarar) fari með nemendum sínum í þessar staðlotur og taki þar þátt í kennslunni fyrir alla nemendurna í hópnum (nemendur beggja skóla).

Athugið að ekki er verið að leggja til að hætta allri samvinnu á unglingastigi. Að sjálfsögðu er markmiðið að bæta hag unglinganna og tryggja gæði náms. Sjónarmið unglinganna sjálfra er meðal þess sem liggur að baki stefnumótuninni. Í skólunum okkar í Bláskógabyggð starfar fagfólk sem hefur sýnt að það er traustsins vert. Hlustum.

Undirbúningstíminn

Í samþykkt skólanefndar er gagnrýnt að tillaga skólastjórnenda sé sett fram með of stuttum fyrirvara. Sannleikurinn er hins vegar sá að vilji skólastjórnenda lá fyrir um vorið 2018 en talið erfitt að fara í breytingar í miðjum sveitarstjórnarkosningum. Eftir að skólanefnd og sveitarstjórn höfðu hummað þetta fram af sér í vetur og fram á sumar er því haldið fram að of lítill tími sé til stefnu til að hrinda hugmyndum skólastjórnenda í framkvæmd, þótt skólastjórnendur lýsi sig reiðubúna að vinna útfærsluna fyrir haustið. Skólanefnd leggur aftur á móti til að kenna öllum unglingunum í Reykholti strax frá og með haustinu - þótt álitsgjafinn Gísli Gunnarsson taki fram að líklega þurfi sú leið lengri undirbúning. Að lokum var svo ákveðið í sveitarstjórn að starfa með óbreyttu sniði í haust, jafnvel þótt sú hugmynd sé sú eina sem hefur verið nánast slegin út af borðinu, bæði af skólastjórnendum og álitsgjafanum. Gott og

Freyja Rós Haraldsd.,

framhalds-skólakennari
Laugarvatni



vel - tímann á að nýta til víðtæks samráðs í von um að skapa meiri sátt. Vonandi skilar það árangri.

Álitsgerðin

Í vor var leitað til Gunnars Gíslasonar um ráðgjöf vegna skólamála í Bláskógabyggð. Það er gott og blessað að fá álit. Vel unnin álitsgerð þjónar þeim tilgangi að taka saman upplýsingar og rýna í þá kosti sem eru í stöðunni. Álitsgerðin getur gagnast þeim sem eiga að taka ákvörðun. Álitsgjafinn rökstyður sína niðurstöðu, en ekki er sjálfgefið að við tökum undir hana. Hvað finnst honum skipta máli? Hvað er lagt til grundvallar?

Í þessu tilviki gefur álitsgjafinn félagslega þættinum og fjármálunum það mikið vægi að hann telur rétt að mæla helst með sviðsmynd 3 (kennslu unglinga á einum stað). Annað fær minna vægi, eins og áhrifin af því að þurfa að skipta um skóla, að þurfa að sitja lengi í skólabíl og áhrifin á samfélagið í heild eru ekki til umræðu þarna.

Það er svo einföldun að láta eins og niðurstaða álitsins sé afgerandi. Sviðsmynd 2 (fara að tillögu skólastjórnenda) er talin hafa marga kosti og er alls ekki slegin út af borðinu í álitsgerð ráðgjafans. Áhugasamir geta lesið álitsgerðina á heimasíðu Bláskógaskóla á Laugarvatni.

Félagslegi þátturinn

„Ef horft er til félagsþroska er vænlegra að sameina unglingastigið“, segir í álitsgerð Gunnars. Þetta virðist vera stóra málið í huga margra og gengið út frá þessu sem sannindum. En er þetta endilega svona? Er það forsenda fyrir góðum félagsþroska að vera í stórum hópi jafnaldra í daglegu skólastarfi? Hversu stór þarf hópurninn að vera? Er nokkuð hægt að alhæfa í þessum efnum? Samkenndi í aldursblönduðum hópum getur ýtt undir félagsþroska, menningin og andinn á hverjum stað skiptir máli og samskiptin við fullorðna líka.

Það er hægt að styrkja sam-

skipti unglinganna með ýmsu móti, t.d. með öflugri félagsmiðstöð, sameiginlegum ferðum og sameiginlegum þemavikum. Það er enginn að tala um að einangra þau frá jafnöldrum, heldur er stefnt að því að fara aðrar leiðir.

Fjármálin

Peningar skipta máli. Þeir skapa tækifæri og svigrúm til uppbyggingar og framkvæmda. Hagstýni er af hinu góða, en í hverju tilviki þarf að meta hvað er í húfi. Öflugt skólastarfi á Laugarvatni, þar á meðal fyrir unglinga, er hjartans mál fyrir stóran hóp íbúa í Laugardalnum og Þingvallasveit.

Það er mitt mat, og ég veit að margir eru á sama máli, að menntun og velferð eigi að setja ofar hagkvæmni. Sérstaklega þegar miklir hagsmunir eru í húfi en fjárhagslegur ávinningur óverulegur í stóra samhenginu. Þetta er spurning um gildismat.

Hagsmunir

Sumir leggja áherslu á að Bláskógabyggð sé eitt sveitarfélag og gefa í skyn að hagsmunir allra íbúa séu þar með sameiginlegir. Svo er ekki alltaf. Bláskógabyggð er sameinað sveitarfélag með þremur byggðarkjörnum, ásamt dreifbýlinu umhverfis þá. Hagsmunir fólks innan sveitarfélagsins eru ólíkir, meðal annars eftir búsetu. Það er ekkert óeðlilegt við það og engin úlfúð þarf að fylgja því.

Vissulega gæti sveitarfélagið sem heild notið góðs af fjárhagslegum ávinningi. En það er fólkið í Laugardalnum og Þingvallasveit sem finnur með beinum hætti fyrir breytingum á skólastarfi á Laugarvatni, ekki Tungnamenn. Það er ósanngjarnt ef aðilar frá einum stað taka stórar ákvarðanir sem varða grundvallarmál fyrir íbúa á öðrum stað. Sérstaklega ef ákvörðun er í andstöðu við meirihlutavilja íbúanna sem málið varðar. Stundum er látið eins og lýðræði sé bara það að meirihlutinn ráði en lýðræði er miklu meira en það. Lýðræði krefst m.a. valddreifingar og umhyggju fyrir ólíkum sjónarmiðum og hagsmunum minnihlutans ef svo ber undir. Það eru hagsmunir okkar allra að búa í sveitarfélagi þar sem er borin virðing fyrir ólíkum aðstöðum og starfað í sátt við íbúa á hverjum stað. Þannig getum við verið góð heild.

23. júní 2019

Trjákur – lækkað verð

Afar fallett nýkurlað trjákur er til afhendingar næstu tvær vikurnar, fæst með 25% afslætti.

Verð 9.700 kr. pr. rúmmetri (1x1x1).

Áður 12.400 kr.

Skógræktarfélagið Snæfoksstöðum

Upplýsingar í síma 864 1106 eða 867 7044

RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
RÚLLUSTANDAR

85 CM

200 CM



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Grímur ráðinn þjálfari meistaraflokks karla

HANDBOLTI Grímur Hergeirsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla til næstu tveggja ára. Grímur er Selfyssingur í húð og hár og hefur verið aðstoðarþjálfari liðsins sl. fjögur ár. Deildin er gríðarlega ánægð með að Grímur hafi ákveðið að taka slaginn með liðið og bindur miklar vonir við komandi átök í vetur, bæði hér heima og í Evrópu.



Grímur (t.h.) og Þórir formaður handknattleiksdeildar.

Haukur Prastarson tilnefndur efnilegasti leikstjórnandi heims



Haukur er einn efnilegasti handknattleiksmaður heims. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE.

HANDBOLTI Haukur Prastarson er tilnefndur sem efnilegasti leikstjórnandi heims af vefsíðunni HandballPlanet.com sem er einn virtasti handboltamiðill heims.

Haukur er tilnefndur sem besti leikstjórnandinn ásamt Frakknum Kylian Vilmelinot úr liði Montpellier, Slóvenanum Fomen

Makuc úr liði Celje Laso og Ungverjanum Matyas Gyori sem leikur með Tatabanya.

Blaðamenn víðs vegar um Evrópu tilnefndu 28 leikmenn, fjóra í hverri stöðu og það eru síðan lesendur Handball-Planet.com sem taka þátt í að velja þá bestu.



Skúli Jóhann Björnsson (t.v.) eigandi Sportís og Þórir Haraldsson formaður undirrita samninginn. Mynd: Umf. Selfoss/ESÓ.

Handknattleiksdeildin semur við Sportís

HANDBOLTI Handknattleiksdeild Selfoss og Sportís hafa gert með sér samning til þriggja ára um að meistaraflokkar Selfoss spili í Asics skóm. Asics er hágæða japanskt vörumerki og er meðal fremstu aðila í skóm fyrir handbolta.

Sportís mun einnig bjóða öllum iðkendum og félagsmönnum 20% afslátt á skóm hjá Sportís. Snemma í haust verður Asicsdagur í Hleðsluhöllinni þar sem iðkendur geta keypt skó fyrir veturinn, dagurinn verður nánar auglýstur síðar.

Æfingar í mótókross fara vel af stað

MÓTOKROSS Æfingar hjá mótókrossdeildinni fara vel af stað þetta sumarið. Um 30 krakkar æfa hjá deildinni að staðaldri. Æfingunum er skipt í tvo hópa, annars vegar á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 19:00-20:00 fyrir krakka á 65 cc og byrjendur á 85 cc. Þjálfari þeirra er Ásta Petrea Hannesdóttir. Hins vegar eru æfingar fyrir eldri hóp á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 18:30-20:30. Þjálfarinn er Guðbjartur Magnússon.

MX sló í gegn

Á miðvikudagskvöld í seinustu viku hélt deildin svokallað Miðvikudags-MX og var þetta síðasta mótið í þriggja kvöldu seríu sem haldin var í samvinnu við Vélhjólaklúbbinn Vík, sem hélt fyrstu keppnina í Bolaöldu, og Vélhjólaiþróttafélag Akraness, sem hélt aðra keppnina. Þessi keppni var með öðru sniði en hefðbundin mót en einungis var keyrð tímataka og svo eitt móto í hverjum flokki. Mikill fjöldi keppenda tók þátt og voru hjólarar á aldrinum 5 til 60 ára.

gg/gj



Mikið fjör var og fjölmenni á miðvikudags-MX á Selfossi. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Guðmundur Gústafsson.



Eva María valin í stórmótahóp FRÍ

FRJÁLSAR Frjálsíþróttakonan Eva María Baldursdóttir hefur verið valin í stórmótahóp FRÍ. Á Vormóti UMFS þann 2. júní sl. stókk hún 1,75 m í hástökki en lágmark í hópinn í aldursflokki 16-17 ára er 1,73 m.

Stórmótahópur FRÍ er fyrir iðkendur á aldrinum 16-22 ára þar sem markmiðið er að styðja við framtíðarafreksmenn Íslands sem eru að stíga sín fyrstu skref á alþjóðlegum stórmótum í unglíng- og ungmennaflokki ásamt þjálfara þeirra. Stuðningurinn



snýr að því að aðstoða keppnismanninn við að móta andlegan og líkamlegan styrk, fyrirbyggja meiðsli auk almenns undirbúnings fyrir þátttöku í stórmótum o.fl.

Eva María er fyrsti einstaklingurinn úr frjálsíþróttadeild Selfoss til að ná lágmarki í hópinn. Deildin er virkilega stolt af árangri hennar sem jafnframt er öðrum iðkendum deildarinnar mikil hvatning. Eva María keppir í hástökki á Gautaborgarleikunum um helgina.

sag

Rætur Selfyssinga liggja víða

HANDBOLTI Selfyssingar áttu sína fulltrúa í U-19 ára kvennaliði Íslands sem tók nýverið þátt í fjögurra landa æfingamóti í Zory í Póllandi. Með liðinu lék Katla María Magnúsdóttir leikmaður Selfoss en einnig þær Birta Rún Grétarsdóttir barnabarn Símónar Grétarssonar og Anna Karen Hansdóttir barnabarn Einarssonar.

Eftir tap í tveimur fyrstu leikjunum tryggði liðið sér þriðja sætið á mótinu með sigri á Slóvakíu 28-26.

hje/gj



F.v. Birta Rún, Katla María og Anna Karen. Mynd. UMFS/Hans Jörgen Einarsson.

Ómar Ingi semur við SC Magdeburg

HANDBOLTI Selfyssingurinn Ómar Ingi Magnússon hefur gert fjögurra ára samning við þýska liðið SC Magdeburg. Ómar Ingi mun ganga til liðs við þýska félagið sumarið 2020. Magdeburg varð í þriðja sæti í þýsku deildinni í vor á eftir Flensburg og Kiel.

Ómar Ingi lék með danska liðinu Aalborg í vetur og varð danskur meistari með liðinu í vor. Þar áður lék hann með Aarhus. Ómar spilaði frábærlega með Aalborg í



Ómar Ingi ásamt forsvarsmönnum SC Magdeburg. vetur, var með flestar stoðsendingar, og var m.a. valinn í lið ársins.

Selfyssingar fá ekki sæti í Meistaradeildinni

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Selfoss verða ekki á meðal þátttökupjóða í Meistaradeild Evrópu í handbolta á komandi keppnistímabili. Selfyssingar skráðu sig í Meistaradeildina sem Íslandsmeistarar en þegar EHF hafði farið yfir allar umsóknir kom í ljós að Selfyssingar voru ekki á meðal þátttökuliða. Yfirleitt hefur EHF haldið sérstaka forkeppni fyrir þau lið sem fara ekki beint inn í riðlakeppnina en að þessu sinni verður hins vegar engin forkeppni.

Alls sóttu 35 lið um þátttöku en aðeins 28 komust inn í riðlakeppnina en í tilkynningu frá EHF kemur fram að Selfyssingar hafi ekki staðist lágmarkskröfur er varðar fjölda áhorfenda á heimaleikjum félagsins sem áttu að fara fram á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Selfyssingar eru mjög ósáttir við niðurstöðu EHF en munu í staðinn taka þátt í EHF bikarnum líkt og í fyrra.



Nítján Íslandsmeistararitlar heim í hérað á MÍ 15–22 ára

FRJÁLSAR Meistaramót Íslands 15–22 ára í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli dagana 15.–16. júní. Um er að ræða eitt stærsta mót sumarsins á Íslandi og voru rúmlega 200 keppendur skráðir til leiks. Frjálsíþróttaráð HSK sá um framkvæmd mótsins sem þótti heppnast afar vel, en 60 sjálfboðaliðar af HSK-svæðinu lögðu hönd á plóg svo allt gæti gengið upp. Öllum sjálfboðaliðum og styrktaraðilum mótsins er hér með þakkað innilega fyrir þeirra framlag.

Aðstæður til keppni voru ágæt- ar, vindur var að mestu leyti lög- legur en fór þó yfir löglegan vindhraða í kvöldum. Nokkur kuldi var eftir hádegi báða keppnisdaga en keppendur létu það ekki aftra sér við það að ná góðum árangri.

Keppnislið HSK/Selfoss lét ekki sitt eftir liggja á mótinu og skilaði 19 Íslandsmeistararitlum heim í hérað. Það dugði liðinu til þess að ná þriðja sæti í heildar stigakeppni mótsins, skammt á eftir Breiðabliki sem var í öðru

sæti. ÍR sigraði mótið þó með yfirburðum og er það 16. árið í röð sem þeim tekst það.

Atkvæðamestur HSK-manna í stigagögnun var fjölbrautarmaðurinn Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss sem varð fimmfaldur Íslandsmeistari á mótinu. Hann keppti í flokki 16–17 ára piltar og sigraði 400 m hlaup, 110 m grindahlaup, langstökk og kringlukast. Auk þess var hann í sigurliði HSK/Selfoss í 4x100 m boðhlaupi 16–17 ára. Sveitin setti HSK-met í flokki 15–16 ára í hlaupinu þegar hún hljóp á tím- anum 46,41 sek. Með Degi í sveitinni voru Jónas Grétarsson Umf. Selfoss, Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu og Unnsteinn Reynisson Umf. Þjótanda. Sindri Freyr náði í tvö önnur gull á mótinu, í 100 m og 200 m hlaupum og Jónas Grétarsson sigraði í þristökki.

Piltarnir í 15 ára flokki létu ekki sitt eftir liggja og náðu í sjö gullverðlaun. Stigahæstir HSK manna voru Haukur Arnarson

Umf. Hrunamanna sem sigraði í langstökki og þristökki og Goði Gnýr Guðjónsson Umf. Heklu sigraði í 1500 m hlaupi og 3000 m hlaupi. Þeir tveir voru auk þess í sigursveit 15 ára piltar í 4x100 m boðhlaupi ásamt Brynjari Loga Sölvasyni Umf. Laugdælum og Óskari Snorra Óskarssyni Umf. Hrunamanna.

Eva María Baldursdóttir setti mótismet í hástökki 16–17 ára þegar hún stökk 1,70 m og í sama flokki sigraði Hildur Helga Einarsdóttir þrjár kastgreinar, spjót- kast, kringlukast og kúluvarp. HSK-liðið vann mun fleiri frækin afrek en hægt er að telja upp hér en lesendum er bent á að skoða heildarúrslit mótsins á www.fri.is.

Hápunktur mótsins var svo þegar ÍR-ingurinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir setti Íslandsmet í flokki fullorðinna í 200 m hlaupi. Hún hljóp á tímanum 23,45 sek. en fyrra metið setti hún sjálf á Ólympíuleikum ungmenna síð- asta haust.

Um 180 keppendur í Bláskógaskokki

Bláskógaskokk HSK var hald- ið 16. júní sl. í samstarfi við Ferðaskrifstofuna Exploring Ice- land og Fontana á Laugarvatni. Veður var gott þurr og hlýtt og lítill vindur.

Hlaupnar voru 10 mílur og 5 mílur. Tíu mílur voru ræstar á hefðbundnum stað við Gjabakka en fimm mílur á Laugardalsvöl- lum og enduðu báðar vegalengdir á Hverabraut rétt sunnan við Fontana. Tímataka var með flög- um frá tímataka.net. Tvær drykkj- arstöðvar voru á leiðinni og í endamarki var vatn í flöskum.

Þátttakendur voru 181, þar af voru 134 manna hópur frá Banda- ríkjunum en hópurinn kom til landsins á vegum Exploring Ice- land. Að hlaupi loknu bauð Font- ana öllum þátttakendum ásamt starfsliði frítt í baðstaðinn.

Verðlaun voru veitt fyrir fyrsta karl og fyrstu konu í hvorri veg- lengd fyrir sig. Voru þau gefin af Hótel Geysi. Fyrsta kona í 10 mílum var Rán Kristinsdóttir á tímanum 01:23:25 og fyrsti karl Jonathan Slater frá Bandaríkjun- um á 1:14:07. Fyrsta kona í 5 mílum var Eir Fannarsdóttir á

37:29 og fyrsti karl Karl Ágúst Hannibalsson en hann kom í mark á 32:50. Hver þátttakandi fékk þátttökupening að hlaupi loknu.

Starfsmenn við hlaupið á hlaupadegi voru frá almennings- hlaupanefnd HSK, Frískum Flóa- mönnum og Iceland Explorer. HSK þakkar styrktar- og sam- starfsaðilum fyrir samstarfið og stuðninginn við framkvæmd hlaupsins. Úrslit hlaupsins má sjá á www.timataka.net og www.hlaup.is. Fleiri myndir eru á www.hsk.is.



2. deild karla

Selfoss Próttur V.

UMF SELFLOSS 1936

Föstudaginn kl. 19:15

JÁVERK Völlurinn

JAKO Apótekarinn

Selfoss HK/Víkingur

UMF SELFLOSS 1936

JÁVERK Völlurinn

Laugardaginn kl. 14:00

JAKO Apótekarinn

Selfoss KR

UMF SELFLOSS 1936

JÁVERK VÖLLURINN

Miðvikudaginn 3. júlí kl. 19:15

JAKO Apótekarinn

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:

„Frágangur og malbikun 2019“

Verkið felur í sér malbikun, gerð burðarlags og jarðvegsskipti þar sem það á við á göngustígum í Árborg.

A: Strandstígur: Verktaki skal malbika stíg frá Hraunsá – að stígs- enda við Eyrarbakka. Búið er að leggja út burðarlag í stíg. Verktaki skal því jafna og þjappa burðarlag, bæta burðarlagi í ef vantar og því næst malbika stíg. Um er að ræða malbiksbreidd upp á 2,5 m.

B: Eyrarbakkastígur við Selfoss: Verktaki skal jafna og þjappa núverandi styrktarlag, leggja út burðarlag (5 cm þykkt), jafna og þjappa það og malbika síðan göngustíg (malbiksbreidd 2,5 m).

C: Selfossstígur: Verktaki skal grafa óburðarhæf jarðlög upp úr stíg og leggja út styrktarlag.

D: Hraunvegssstígur, Eyrarbakka: Verktaki skal grafa óburðarhæf jarðlög upp úr stíg, leggja út styrktarlag, burðarlag og að lokum malbika stíg, malbiksbreidd 2,5 m á aðalstíg og tengistígum 2,0 m.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	1.700 m³
Jöfnun og þjöppun á fyllingu	2.010 m²
Burðarlag, efni	150 m³
Burðarlag, útjöfnun og þjöppun	9.105 m³
Malbik Y8	7.588 m²
Styrktarlag	2000 m³

Malbikun skal að fullu lokið 15. september 2019. Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2019.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudegin- um 25. júní 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og net- fang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1–5, 800 Selfoss fyrir kl. 11.00 miðvikudaginn 10. júlí 2019 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar

Ávarp til aldraðra og almennings

Hér skal litið til baka um lang-
an veg. „Minningar á ég marg-
ar/sem milda og hugga,“ segir
þjóðskáldið. Eyjafjöll æsku minn-
ar eru í sviðsljósi, þéttsetin, fögur
byggð, sem í aldanna rás hafði fært
fram þúsundir manna. Yfir sviðinu
hvíldi andi og blær aldagamallar
þjóðmenningar, sem nú er illu
heilli farin forgörðum. Önnur, ný,
aðfengin hefur hvarvetna tekið
heima. Heita mátti að á hverju
byggðu bóli væri aldrað fólk sem
ég gat sótt til þekkingu varðandi
gamla lífshætti og forn fræði.
Byggðahverfið mitt, Holtshverfi,
var búið 8 býlum, 9 ef Varmahlíð
er með talin, raunar með réttu.
Íbúar voru nær 90, nú, 2019 um
15, mikil og döpur blóðtaka. Sam-
félagið var yfirleitt gott, menn
fylgdust að í störfum til fjalls og
fjörü, einnig til sjávar. Bændurnir
gerðu út fiskibát úr Holtsvörum,
smöluðu saman til fjalls, mokuðu
Hóltsós út í uppistöðu, studdu hver
annan með ráðum og dáð, skiptust
á heimsóknum, sátu saman, ræddu
landsins gagn og liðna tíð. Hús-
freyjur höfðu sama háttinn á, gengu
í heimsókn til granna, þrónandi
milli bæja og var fylgt spölkorn úr
hlaði er heimsókn lauk. Mörg um-
ræðan snerist um kýrnar í fjósi og
hvert gagn þær gæfu. Væri eitt
heimili í þurru húsi þá fóru mjólk-
urgjafir milli bæja. Staði einn
bóndinn í byggingu þá voru hend-
ur nágranna réttar fram til hjálpar.
Hverfingar litu á prestinn og prests-
frúna í Holti líkt og föður og móð-
ur. Ef eitthvað bjátaði á var einatt
haldið heim að Holti. Sumir prest-
anna höfðu og læknishendur.

Á helgum dögum streymdu svo
Hverfingar, aldnir og ungir, til kirkju
sinnar upp að Ásólfsskála og söfn-
uðu sálarforða. Blær friðsældar og
samhjálpur var yfir öllu mannlífi.
Ég stend í óbættri þakkarskuld við
allt hið góða fólk sem varðaði veg
minn og gaf mér góðan hlut í þeirri
menningu er það hafði að erfðum
hlotið. Gamla Holtshverfi var æsku-
skjólíð.

Aðgangur minn að öldruðu
fólki var mér guðs gjöf. Ég fædd-
ist inn í það hlutverk að festa fræði
þess á blöð og bækur og gefa þar
öðrum hlutdeild. Það er nú gleði

mín er sól sígur að sævi. Aldrei get
ég fullþakkað það forsjóninni að
hafa fengið að alast upp með gömlu
fólki, að hafa í æsku nærst við þá
aldagömlu menningu sem það
varðveitti og lét mér ljúflega í té.
Hæst ber þar Arnlaugu Tómas-
dóttur í Vallnatúni. Hún var fædd
1860 og ég kominn vel til vits og
ára er hún dó 1944. Hún gaf mér
efni í væna bók, ættarsögu sína er
út kom 1969. Henni voru tiltækar
sagnir af forföður hennar, Oddi
Bárðarsyni bónda á Miðskála og í
Moldnúpi frá byrjun 18. aldar. Ég
sé hann líkt og ljóslifandi fyrir
mér í brúðkaupsveislu Nikulásar
Magnússonar sýslumanns og Rann-
veigar Þorsteinsdóttur í Holti um
1730, stikandi stórum fram og aft-
ur utan við veislutjaldið, storkandi
brúðguma með síendurteknu: „Illa
fór hún Rannveig mín í hundana.“

Í frásögnum Arnlaugar lifir
margt merkisfólk Eyjafjalla sem
ella væri í dag aðeins nöfnin tóm.
Af Laugu, eins og mér var tamast
að nefna hana, lærði ég líka að þess-
ar löngu liðnu kynslóðir manna
bjuggu ekki einar að landi. Dular-
verur áttu sér hæli í hömrum,
klettum og hólum. Þuríður Einars-
dóttir móðir hennar saknaði góðra
granna, þar sem huldufólkið var,
er hún flutti frá Hellnahóli niður
að Vallnatúni 1875. Ég sakna
Laugu, þessarar gömlu, góðu konu
„meðan lífsæð er í mér heit.“

Önnur sagnakona mín, Þuríður
Jónsdóttir ljósmóðir í Hvammi
(1852–1942), sá yfir mannlíf af
sjónarhóli sannrar lífsvísku og
kvaddi veröld níræð með óförlað
minni. Hún sagði mér að sér hefði
aukist andlegt flug með árunum og
það duldist engum sem af henni
höfðu kynni. Sagnir hennar náðu
til 18. aldar. Hún fræddi mig um
margt, þó sem ekkert miðað við
það sem hún tók með sér í gröfina.

Ég minnst einnar gamallar
konu, Helgu Pétursdóttur á Mið-
grund (1862–1955) er bætti í sagna-
sjóð. Hún sagði eitt sinn: „Ég átti
barn að aldri austur á Rauðafelli
tvo útskorna trafalára. Þeir urðu að
engu. Mikið vildi ég að þeir væru
nú komnir í hendurnar á þér.“
Helga sagði mér söguna af um-
skiftingnum Gingigoggi í Hörðu-

**Þórður
Tómasson,**

*fyrirverandi
safnvörður
í Skógum.*



skála undir Eyjafjöllum. Færa átti
hann til skírnar niðri í Eyvindar-
hólum. Svo bar þó til að barnið var
rétt andartak eitt inni í baðstofu. Í
frambæ heyrðust þá orðaskifti
huldukonunnar móður þess við
það: „Hvert á að riða, Gingigoggur
minn?“ Svar: „Upp að skíra í annað
sinn.“

Ógleymanlegur er mér sóma-
maðurinn Magnús Magnússon í
Lambhúshóli (f. 1864), vinur minn
og frændi. Ég nam af honum vísu
sem færði mig að aldamótunum
1700 og örnefnið Þorgeirsvarir sem
færði mig sögulega séð aftur til
landnámsaldar. Hann arfleiddi mig
að bókum sínum. Sagnakonan Her-
borg Guðmundsdóttir frá Gríms-
stöðum í Landeyjum (f. 1882) var
mér líkt og ímynd völvu frá forn-
öld. Fræði hennar færði ég á blöð
og segulband, sem allir eiga nú
aðgang að í Árnastofnun. Hún
flutti mér þulu með hrynjandi
ævaforrarr framsagnarlistar.

Ættfræði og mannfæði voru
að hávegum höfð hjá mörgum af
hinni gömlu kynslóð. Ég minnst
þess er hin góða og göfva föður-
systir mín, Margrét Þórðardóttir á
Leirum kom í árlega heimsókn og
næturdvöl. Saman sátu þau, hún
og faðir minn, og ræddu mannlíf.
Þá heyrðist stundum hjá Margréti:
„Það er skylt okkur, Tumi, það er
af Skógaættinni.“ Mér skildist þá
að það væri ætt öðrum fremri. Ég
eignaðist orgel 1941. Mér er það
hugstæð minning, er ég sat við það,
með Margréti við hlið mér og við
sungum saman af samhug „Hver
sem ljúfan guð lætur ráða/með
glöðu trausti fyrr og síð.“ Margrét
átti í ríkum mæli mildi og kærleika
og gerði sér í engu mannamun. Hún
sagði mér brot úr sögu ættar okkar
allt til 17. aldar. Hún dó 1947.

Afi minn og amma, Þórður
Tómasson og Guðrún Tómasdótt-
ir, bjuggu lengi rausnarbúi á Rauða-

felli. Afi var mikill aðdráttamaður,
formaður við Fjallasand og í Vest-
mannaeyjum, eftirsóttur skipa-
smiður. Þau hjón áttu 16 börn.
Fjögur dóu í frumbersku, tvö ólust
upp á menningarheimilinu í Varm-
ahlíð, Tómas faðir minn og Sigríður
í Moldnúpi. Hvíti dauðinn, berkl-
ar, tóku mikinn skatt. Þrjú börnin
dóu uppkomin á Rauðafelli, fjögur
uppkomin dóu í fjarlægð. Tveir
synir fluttu til Ameríku. Afi dó
1911, saddur lífdaga eins og sagt
var. Amma fluttist andlega niður-
brotin að Varmahlíð. Þar endur-
heimti hún andlegt þrek og átti þar
góða elli. Ég naut þeirrar ham-
ingju að hljóta blessun hennar.
Hún dó í Varmahlíð 1927, 84 ára
að aldri.

Hugstæðar eru mér kvöldvökur
æskuára. Vinna við tóskap, vefnað,
hrosshár sat í fyrirrúmi. Ungur
brýndi ég raust við að lesa hátt af
bók undir vökuvinu. Við þar að
rímur væru kveðnar. Það er líkt og
mér ómi enn í eyrum Jóhannesar-
ríma og Einbúaríma frá rökkur-
stund í Vallnatúni og kveðið utan-
bókar af föður mínum og nætur-
gestum, Jóa Bjarna frá Vík í Mýr-
dal og konu hans, Sigurveigu Vigfús-
dóttur. Hverri vöku lauk með sign-
ingu og bæn og því að gefa sig guði
á vald. Í morgunsárið var sjálfsagt,
er út var komið „undir blæ himins
bliðan“ eða strangan eftir atvikum
að snúa sér móti austri og signa
sig til blessunar önn dagsins.

Söngur var yndi foreldra minna.
Móðir mín létti sér oft önn dagsins
í söng. Af þeim man ég lög og ljóð,
veraldleg og andleg. Öll fegurð
þeirra var almenningseign, nú í
fullu útfjari, að ekki sé meira sagt.

Messusöngurinn í gömlu Skála-
kirkju um og fyrir 1930 er mér í
ljúfu minni, hún fjölskipuð í hverri
messu. Ég sé fyrir mér skírnarföður
minn, Sr. Jakob Ó. Lárusson í Holti,
alskrýddan fyrir altari, horfandi
fram að fólki, syngjandi sálma full-
um og fögrum rómi. Konur og karl-
ar leiddu af styrk sönginn í kór.
Oft bar þar upp yfir fagra bassa-
rödd vinar míns, Árna Ingvars-
sonar bónda og kennara á Mið-
skála. Organisti var Einar Sigurðs-
son í Varmahlíð, frændi minn og
fræðari. Á rausnarheimili hans og

Ingibjargar Bjarnadóttur lærði ég
að leika á hljóðfæri. Hún söng
kvenna best og á heimili þeirra
áttu margir eftirminnilegar söng-
stundir. Gamla kirkjan á Skála var
full af helgi í hverri messu. Ekki
að gleyma kirkjukaffinu hjá hús-
bændum á Skála og glaðlegri sam-
ræðu kirkjugesta.

Mannfæð og ný menning hafa
kollvarpað ýmsu í sveitum sem að
er mikil eftirsjá. Þar hef ég margs
að sakna. Ég leiddi kirkjusöng í
um 40 ár, fyrst í Ásólfsskála, svo í
Eyvindarhólum, með hinum fögru
lögum og sálum sem kirkjan
hefur síðan afrækt til mikilla muna
sér og söfnuði til meins. Samvinna
mín við sr. Sigurð Einarsson og sr.
Halldór Gunnarsson var með
ágætum. Þeir völdu alltaf sálminn
sem átti við guðspjall dagsins en
létu mig að öðru um sálmaðal. Þá
var oft sunginn sálmur sr. Matt-
híasar Jochumssonar, sálmur einna
mestrar andagiftar í sálmaðal: „Í
gegnum lífsins æðar allar/fer ást-
argeisli drottinn þinn.“ Hann ligg-
ur nú í láginni. Hér er arfur sem
kirkjan mátti síst missa.

Um 1950 voru þrír stórir kirkju-
kórar í starfi undir Eyjafjöllum og
um 20 manns í hverjum, söng-
æfingar vikulega að vetri. Þar hef-
ur orðið dapurlegt hrún. Í dag aug-
lýsir prestur messur í Fjallakirkju:
„Félagar úr kirkjukór Eyfell-
inga syngja.“ Hann er ekki til,
söngur aldrei æfður, um 6 konur
sjá því borgið að hægt er að messa.
Þannig horfir víða við í söng- og
kirkjumenningu sveitanna.

Enginn hér inni á öldruðu fólki
eins mikið upp að unna og ég. Til
þess hef ég sótt jafnt forn fræði og
forna muni og hvarvetna mætt
velvild og skilningi á því hlutverki
sem mér var af forsjón falið. Í dag
er ég allra karla elstur og fagna því
sem áunnist hefur í starfi. Ungum
var mér kennt að þakka fyrir mig.
Þetta ávarp er viðleitni í þá átt. Ég
óska hinni góðu stofnun Kirkju-
hvoli allra heilla í ómetanlegu
starfi fyrir eldri kynslóð og þakka
samverustund.

*Ávarp flutt á aðstandendadegi
í Kirkjuhvoli 2. júní 2019.*

NÝ ÞJÓNUSTA Á SELFOSSI

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2
VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR



prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS



Fasteignamat 2020 hækkar um 8% á Suðurlandi

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 6,1% frá yfirstandandi ári og verður 9.047 milljarðar króna, samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2020 sem Þjóðskrár Íslands kynnti fyrir skömmu. Er það mun minni hækkun en varð milli ára 2017 og 2018 þegar heildarmat fasteigna á landinu hækkaði um 12,8%.

Fasteignamatið byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Nýja fasteignamatið miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2019. Það tekur gildi 31. desember 2019 og gildir fyrir árið 2020. Frestur til að gera athugasemdir við nýtt fasteignamat er til 30. desember 2019.

Meiri hækkun á landsbyggðinni

Samanlagt mat íbúða á öllu landinu hækkar um 6,0% á milli ára og verður alls 6.594 milljarðar kr., þar af hækkar sérþýli um 6,6% á meðan fjölþýli hækkar um 5,3%.

Fasteignamat íbúða hækkar um 5,0% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,1% á landsbyggðinni.

Á Suðurlandi hækkar fasteignamat íbúða mest í Hveragerði en þar hækkar íbúðamatið um 12,5%, um 10,3% í Sveitarfélaginu Ölfusi og 9,6% í Sveitarfélaginu Árborg. Minnst er hækkunin í Grímsnes- og Grafningshreppi eða 2,1%.

Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 6,9% á landinu öllu; um 5,9% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,3% á landsbyggðinni.

Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 5,3%, um 9,8% á Suðurnesjum, um 10,2% á Vesturlandi, um 6,7% á Norðurlandi vestra, 7,4% á Norðurlandi eystra, 6,7% á Austurlandi og um 8,0% á Suðurlandi. Matssvæðum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið fjölgað nokkuð til að matið endurspeglir nákvæmar þær verðbreytingar sem orðið hafa á svæðinu með þéttingu byggðar síðustu misseri.

Fasteignamat sumarhúsa nær óbreytt – matssvæðin finnstillt

Fasteignamat sumarhúsa fyrir árið 2020 hækkar um 0,7% á milli ára. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á aðferðafræði við útreikning á fasteignamati sumarhúsa og má þar helst nefna fjölgun matssvæða yfir allt landið auk þess sem útreikningi lóðaverðs hefur verið breytt þannig að sumarhúsalóðir undir meðalstærð lækka en lóðir yfir meðalstærð hækka. Lóðaverð sumarhúsa lækkar því að jafnaði um 23% á milli ára á meðan húsmatið sjálft hækkar um 7,5%.

Með fjölgun matssvæða er hægt að aðgreina betur fasteignamat ólíkra svæða og lækka viss strjálbyggð svæði sem hafa takmarkaðar samgöngur og eru langt frá annarri byggð. Hér má nefna svæði eins og hálendið, Flat-eyjardal, Norður-Þingeyjarsýslu, Siglunes, Skaga, Austurland, Norður-Múlasýslu, Mjóafjörð og fleiri svæði þar sem fasteignamat

lækkar um meira en 30%. Þau svæði sem hækka mest eiga það sameiginlegt að þar eru sumarhúsaloðir að jafnaði stórar og má þar nefna svæði eins og Galtalæk, Eystrí Rangá og Hróarslæk þar sem fasteignamat hækkar um meira en 25%.

Upplýsingar um markaðsverð

Í Þjóðskrár Íslands hefur um árabil haldið úti verðsjá þar sem hægt er að skoða gangverð fasteigna. Verðsjáin sem var uppfærð árið 2017 hefur að geyma upplýsingar um bæði kaup- og leiguverð fyrir íbúðarhúsnæði og um kaupverð sumarhúsa. Verðsjáin er aðgengileg á heimasíðu Þjóðskrár Íslands eða beint á verdsja.skra.is.

Í verðsjánni er hægt að greina landið eftir landshlutum eða þeim matssvæðum sem fasteignamat Þjóðskrár Íslands byggir á. Þannig má með einföldum hætti sjá hvernig verðþróun hefur verið á ákveðnu svæði út frá fyrirliggjandi kaup- eða leigusamningum.

Matsforsendur alltaf aðgengilegar

Langflestar fasteignir eru endurmetnar árlega út frá nýjustu mats-

forsendum en eins og fyrr segir byggja þær meðal annars á þinglýstum kaupsamningum. Þetta á við um íbúðarhúsnæði og sumarhús en atvinnuhúsnæði er metið samkvæmt tekjumati.

Nánari upplýsingar um fasteignamat 2020

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um fasteignamat 2020 á heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Þar má finna samantekt um breytingar sem orðið hafa á matinu eftir sveitarfélögum, kort yfir matssvæði mismunandi matsaðferða, matsformúlum sem gilda fyrir árið 2020 ásamt fleiri gögnum. Eigendur fasteigna geta nálgast tilkynningarseðil um mat á eignum sínum í pósthólf sitt á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Til þess þarf rafræn skilríki eða Íslykil sem auðvelt er að sækja um sé hann ekki tiltækur. Einnig er hægt að nálgast fasteignamatið á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, www.skra.is. Tilkynning um fasteignamatið 2020 er því rafræn eins og hún hefur verið undanfarin átta ár. Hins vegar geta eigendur haft samband við Þjóðskrár Íslands og óskað eftir að fá tilkynninguna senda til sín.

Hækkun fasteignamats	Sérþýli	Fjölþýli	Atvinnuhúsnæði
Höfuðborgarsvæðið	5,2%	4,8%	5,9%
Landsbyggðin	9,1%	9,1%	9,3%
Landið allt	6,6%	5,3%	6,9%

Fasteignamat alls eftir sveitarfélögum	Fasteignamat 2019	Landmat 2019	Fasteignamat 2020	Landmat 2020	Breyting á mati fm%
Sveitarfélagið Árborg	167.912.951	27.689.589	184.056.834	30.836.604	9,6%
Mýrdalshreppur	10.443.097	1.225.438	11.426.144	1.344.897	9,4%
Skaftárhreppur	12.510.497	3.047.232	13.243.907	3.123.838	5,9%
Ásahreppur	21.657.822	4.271.067	23.388.874	4.627.057	8,0%
Rangárþing eystra	35.718.026	4.907.869	37.959.997	5.181.424	6,3%
Rangárþing ytra	38.508.331	7.861.844	41.557.885	8.380.168	7,9%
Hrunamannahr.	23.932.740	3.971.632	25.099.728	3.841.223	4,9%
Hveragerðisbær	46.955.260	7.666.274	52.833.563	8.764.813	12,5%
Sveitarfélagið Ölfus	45.768.520	9.178.763	50.491.566	10.080.130	10,3%
Grímsnes- og Grafn.hr.	92.155.051	17.809.400	94.115.409	16.232.429	2,1%
Skeiða- og Gnúpv.hr.	26.363.227	3.264.991	28.150.052	3.403.078	6,8%
Bláskógabyggð	67.151.392	13.216.912	69.796.180	11.194.230	3,9%
Flóahreppur	13.117.023	1.845.494	13.771.140	1.926.966	5,0%

Íbúðarhúsnæði eftir matssvæðum	Fasteignamat 2019	Fasteignamat 2020	Breyting á mati
8010 Selfoss	112.612.050	124.399.460	10,5%
8015 Ölfushreppur	7.085.270	7.049.830	-0,5%
8020 Hveragerði	37.063.730	41.995.530	13,3%
8030 Þorlákshöfn	14.458.330	17.089.840	18,2%
8050 Laugarvatn	2.528.420	2.668.520	5,5%
8055 Árnessvæði	24.112.730	24.078.100	-0,1%
8060 Reykholt	2.726.620	2.875.540	5,5%
8065 Laugarás	1.717.480	1.707.700	-0,6%
8070 Flúðir	4.571.680	4.995.780	9,3%
8110 Eyrarbakki	6.171.170	6.798.330	10,2%
8120 Stokkseyri	5.596.600	6.202.380	10,8%
8150 Vík	4.456.275	4.897.160	9,9%
8155 Skaftárvæði	4.292.180	4.782.100	11,4%
8160 Kirkjubæjarklaustur	1.689.870	1.867.910	10,5%
8170 Hvolsvöllur	10.411.770	10.936.150	5,0%
8175 Rangárvæði	14.320.820	14.254.725	-0,5%
8180 Hella	8.059.570	9.087.310	12,8%



Tré
og runnar í
úrvali

Kjarr, 816 Ölfus
Símar 482 1718 & 846 9776
www.kjarr.is // kjarr@islandia.is

Gróðrarstöðin Kjarr



Elskuleg móðir okkar, tendgdamóðir og amma,

María Elísabet Jónsdóttir / Zolich
Háengi 12, Selfossi,



lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. júní sl.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 2. júlí kl. 10.

Uroczystosc progzebowa odbędzie się w Selfoss
w kościele 02. lipiec 2019. o godzinie 10.

Czowanie rozpoczynamy od. 9:30

Rafal Zolich
Agnieszka Pawlak
Dorota Zolich
Dagmara Zolich - Joanna
Beata Jónsdóttir
Kamil Jónsson
Barbara Bobrzyk
Halina i Jan Szyrwinsky
Jónína Eirný Sigurðardóttir
og barnabörn

Elwira Wienkowska
Miroslaw Pawlak
Marek Kuc
Pawel Szymula
Jerzy Szczuka
Monika Jónsdóttir
Jarek Szczuka



Elskuleg eiginkona og móðir okkar,
dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,

Ólöf Bjarnadóttir

Gilsbakka 24, Hvolsvelli,



lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu sunnudaginn
23. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju, laugar-
daginn 29. júní kl. 13:00.

Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim, sem vilja
minnast Ólafar, er bent á styrktarrekning
fyrir dætur hennar og Lárusar Viðars,
0308-22-823 kt: 150580-3909.

Lárus Viðar Stefánsson
Fannís Lilja og Kara Kristín
Bjarni Jónsson
Bragi Bjarnason
Unnur Lilja Bjarnadóttir
Valdís Bjarnadóttir
Ragna Finnsdóttir
Stefán Lárusson
Anton Kristinn Stefánsson
Anna Fanney Stefánsdóttir

Kristín Bragadóttir
Eygló Hansdóttir
Stefán Friðrik Friðriksson
Mikael Reynir Tryggvason
Brýndís B. Reynisdóttir

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands

Opnunartími í sumar
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
í Strókhúsinu

BÍLAR

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

AFÞREYING

KRAKKADAGUR

Krakkadagur verður haldinn
laugardaginn 29. júní kl. 10-15
í Hvítasunnukirkjunni Selfossi
Austurvegi 40b. Fræðsla, leik-
ir, fönður og matur - frábær
dagur og ókeypis fyrir alla
krakka. Nánari upplýsingar og
skráning á www.selfoss-gospel.is

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði

Gagnheiði 51, Selfossi

Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUSSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjela og fleira.

Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON

Sléttuvegi 6, Selfossi

Sími 893 9068

STEINSTEYPUSSÖGUNIN ÁS ehf.

Svampur.is

Þjóðum uppá sérsniðnar
svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihiysið
- Húsbíllinn • Bátinn
- Hjólhiysið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321



S. 482 1944 - selfoss@prentmet.is

HEILSA



KIRKJUR

Selfosskirkja

Guðsþjónusta kl. 11. Prestur
sr. Nínna Sif Svavarsdóttir.
Kór kirkjunnar syngur, organisti
Elísa Elíasdóttir.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag 30. júní
kl. 11. Sr. Skírinn Garðarsson
héraðsprestur annast prests-
þjónustuna. Organisti er
Jón Bjarnason.

Sólheimakirkja

Guðsþjónusta sunnudag 30.
júní kl. 14. Sr. Skírinn
Garðarsson héraðsprestur
annast prestsþjónustuna. Allir
eru velkomnir.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67 Selfossi, 29. júní.
Bíblíurannsókn kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, með ræðu
verður Eric Guðmundsson.
Verið velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11. Samkoma,
barnapössun og kaffiveitingar.
English translation available.
Allir innilega velkomnir.
www.sefoss gospel.is.

ÍBÚÐ ÓSKAST

Íbúð óskast

Vill einhver vera svo elskuleg-
ur að leyfa okkur að vera í íbúð
sinn 1-2 ár, að minnsta kosti,
í leigu. Í Vestmannaeyjum er
enga atvinnu að fá, því miður.
Við ætlum að reyna að fá
vinnu uppi á fastalandinu.
Upplýsingar í síma 862 6835,
896 0702. Elínborg og Finn-
bogi, Áshamri 75, 900 Vest-
mannaeyjum.



Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!



Hafðu samband

Sími 482 1944
dfs@dfs.is



Járnkrakkarnir 2019

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri



Á þrötta- og útivistardögum
sem fram fóru í lok ný-
afstaðins skólaárs héldu

nemendur í Barna-
skólanum á

Eyrarbakka

og Stokks-

e y r i

keppnina

„Járn-

krakk-

inn“ sín

á milli.

Járn-

krakkinn

er þríbraut

þar sem

þriggja nem-

enda lið spreytir

síga á því að synda,

hjóla og hlaupa vegalengd á

sem skemmstum tíma. Fyrsti

liðsmaðurinn synti 300 metra í

sundlauginni á Stokkseyri. Að

því loknu hjólaði annar liðs-

maðurinn frá sundlauginni vest-

ur Fjörustíg að skólahúsnæðinu

á Eyrarbakka þar sem þriðji

liðsmaðurinn tók við og hljóp

austur Fjörustíg að skólahús-

næðinu á Stokkseyri.

Nemendur í 7.-9. bekk tóku

þátt í þessum fyrsta Járnkrakka

og voru sex lið skráð til leiks.

Það voru þau Böðvar Arnarson,

Sunna M. Kjartansdóttir og

Þórarinn Helgi Jóns-

son sem sigruðu

í ár á tímanum

42 mínútur og

50 sekúnd-

ur. Í öðru

sæti, fast á

hæla sig-

urliðsins,

urðu þeir

Árni Val-

ur Gísla-

son, Vé-

steinn Haukur

Bjarnason og

Eiður Orri Pálsson á

tímanum 43 mínútur.

Járnkrakkinn er hugmynd

heimilisfræðikennara Barna-

skólans, Lene Drejer Klith, en

hún situr í heilsuefningarteymi

skólans og hefur gengið með

þessa hugmynd í maganum í

nokkurn tíma. Fyrirmyndin er

hin víðfræga þríbrautarkeppni

Ironman. Þess má geta að

Barnaskólinn á Eyrarbakka og

Stokkseyri hefur verið heilsu-

eflandi grunnskóli síðan 2016.



Sigurður Frímarr Emilsson, framkvæmdastjóri Expert kælingar, ásamt starfsmönnum BMT Selfossi. Mynd: HSU.

Expert kæling gefur til HSU

Nýverið gaf fyrirtækið Expert
kæling ehf. sjónvarpstæki
til Slysa- og bráðamóttöku HSU
á Selfossi. Sjónvarpstækið er á
kaffistofu starfsfólks BMT og
nýtist sem vinnutæki og til áhorfs
sé þess kostur og kemur að sér-
lega góðum notum sem viðbót
við tækjabúnað fyrir starfsmenn
deildarinnar, en þar er unnið
allan sólarhringinn alla daga

ársins og oftast undir miklu álagi.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
hefur verið þeirrar gæfu aðnjót-
andi að eiga góða bakhjarla sem
styðja við bakið á stofnuninni
með gjöfum. Starfsfólk Slysa-
og bráðamóttöku HSU, sem og
stjórnendur HSU, þakka fyrir-
tækinu kærlega fyrir þessa glæsi-
legu gjöf og þann góða hug sem
að baki býr.

Ólíkir skólar fyrir ólíka einstaklinga

Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Á dögumum samþykkti Alþingi frumvarp sem festir í sessi faglega umgjörð um starfsemi lýðskóla. Til þessa hefur ekki verið nein löggjöf í gildi um slíka skóla.

Meiri fjölbreytni – minna brottfall

Hlutverk lýðskóla er fyrst og fremst að búa nemendur undir lífið, gera þá að fjölbæfum einstaklingum og reiðubúna til að takast á við tilveruna. Fjölbreytni er menntakerfinu mikilvæg, nemendur hafa ólíkar þarfar og þeir þurfa að hafa val um sitt nám. Meðal ástæðna brottfalls úr framhaldsskólunum okkar er ákveðin einsleitni í námsvali og það að nemendur finna sig ekki í námi. Það er vel að fjölbreytni námsframboðs hér á landi hefur aukist, ekki síst á framhaldsskólustiginu og að fleiri nemendur séu opnir fyrir námskostum t.d. á sviði verk- og tæknigreina.

Lýðskóli á Laugarvatni

Lýðskólar vinna með lykilhæfni skólastarfs, líkt og kveðið er á um í aðalnámskrá framhaldsskóla, svo sem námshæfni, skapandi

Silja Dögg Gunnarsdóttir,

Þingmaður Framsóknarflokksins



hugsun, sjálfbærni og lýðræðisleg vinnubrögð en meðal markmiða þeirra samkvæmt frumvarpinu verður að mæta áhuga og hæfileikum nemenda sem vilja átta sig betur á möguleikum sínum og stefnu í lífi og starfi. Í dag starfa LungA-skólinn og Lýðháskólinn á Flateyri eftir hugmyndafræði lýðskóla. Willum Þór Þórsson, hefur ásamt þingflokki Framsóknar, lagt fram þingsályktunartillögu um stofnun lýðskóla UMFÍ á Laugarvatni. Í greinargerð með tillögunni segir að áhugi sé fyrir stofnun lýðskóla á Laugarvatni með aðkomu menntamálayfirvalda og Bláskógabyggðar og að UMFÍ hafi nú þegar myndað samstarfsteymi við lýðskóla í Danmörku sem sé tilbúinn til að leggja sitt af mörkum í undirbúningi og framkvæmd. Nú þegar lagaumgjörð um lýðskóla liggur fyrir verður langþráður lýðskóli á Laugarvatni vonandi að veruleika.

Þjálfun í lýðræðislegri hugsun

Lýðskólar eiga sér langa sögu en Daninn N.F.S. Grundtvig er upphafsmaður þeirrar hugmyndafræði sem skólarnir byggja á. Grundtvig kynnti á fjórða og fimmta áratug 19. aldar til sögunnar annars konar nám og menntun en hið hefðbundna bóklega nám. Það byggðist á markmiði um að mennta dönsk ungmennti í menningu og sögu auk þess að hvetja þau til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi en lýðræðishugmyndir í Evrópu voru að ryðja sér til rúms um þetta leyti. Nemendur skyldu stýra skólanum og hlutverk kennara væri ekki að spyrja nemendur heldur svara spurningum þeirra. Áherslan skyldi vera á hið talaða orð, umræður og rökræður og þátttöku nemandans á öllum sviðum og búa þá þannig undir lífið. Ekki skyldu þreytt próf. Þá ættu nemendur og kennarar að búa á sama stað og markmiðið væri að nemendur tileinkuðu sér færni og þekkingu sem gagnaðist þeim í hinu daglega lífi. Fyrsti lýðskólinn var settur á laggirnar í Danmörku árið 1844 í Rødding í anda þessara hugmynda og starfar hann enn.

Hugmyndafræði lýðskóla á ekki síður erindi við samfélagið í dag en árið 1844.

Englar og menn – tónlistarhátíð Strandarkirkju 2019

Hin árlega tónlistarhátíð *Englar og menn* hefst í Strandarkirkju sunnudaginn 30. júní nk. með opnunartónleikum kl. 14. Yfirskrift tónleikanna er „*Himnaborna dís*“ en flytjendur eru Björg Þórhallsdóttir sópran, Elísabet Waage hörpuleikari, Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Hilmar Örn Agnarsson organisti. Megnið af efnisskránni verða sönglög Atla Heimis Sveinssonar, helguð minningu hans, en einnig sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns Franz Schubert o.fl.

Hátíðin stendur yfir frá 30. júní til 11. ágúst með tónleikum á sunnudögum kl. 14. Á hátíðinni í ár koma fram margir af fremstu söngvurum og tónlistarmönnum landsins ásamt nýstirnum úr íslenskum söngheimi.

Í Strandarkirkju er einstakur hljómburður og helgi sem skapar hlýja stemningu og nálægð. Flytjendur sumarsins eru með það í huga við val á efnisskrá sinni sem er afar fjölbreytt og rík áhersla er lögð á flutning þjóðararfsins - íslenskra þjóðlaga og sönglaga.

Aðrir flytjendur sumarsins eru:

7. júlí - Lilja Guðmundsdóttir sópran, Kristín Sveinsdóttir mezzosópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir harmóníum og píanó;
14. júlí - Hrafnhildur Árnadóttir sópran, Þorsteinn Freyr Sigurðs-



son og Matthildur Anna Gísladóttir harmóníum og píanó;
21. júlí - Auður Gunnarsdóttir sópran, Ágúst Ólafsson barítón og Eva Þyrí Hilmarisdóttir harmóníum og píanó;
28. júlí - Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópran, Egill Árni Pálsson tenór og Hrönn Helgadóttir harmóníum og píanó;
4. ágúst - Vala Guðnadóttir sópran og mandólín, Helga Laufey Finnbogadóttir harmóníum og píanó og Guðjón Þorláksson kontrabassi.

Á lokatónleikum hátíðarinnar 11. ágúst kl. 14 koma svo fram Björg Þórhallsdóttir sópran, Oddur Arnþór Jónsson barítón, Elísabet Waage hörpuleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Hilmar Örn Agnarsson organisti.
Björg Þórhallsdóttir sópran-

söngkona er listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar, sem er styrkt af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, Tónlistarsjóði og Strandarkirkjuneftnd.

Strandarkirkja er ein þekktasta áheita kirkja landsins og þykir þar vera sérstakur kraftur til hjálpar og bænheyrslu. Yfirskrift hátíðarinnar vísar til helgisagnarinnar um fyrstu kirkjuna þar, um ljósengilinn sem birtist sæfðrum í sjávarháská og þeir hétu á í örvæntingu sinni. Hann vísaði þeim að landi og þeir reistu þar kirkju í þakklætisskyni.

Mikil feður er í Selvognum og þangað er tæpur klukkustundar akstur frá Reykjavík um Þrengslin. Tilvalið er að taka með sér nesti eða fá sér veitingar hjá heimamönnum.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Óskilahross verður boðið upp í hesthúsinu á Skúfslæk í Flóahreppi, föstudaginn 5. júlí 2019, kl. 14.00.

Um er að ræða bleikan ómerkta stóðhest, talinn þriggja vetra.

Krafist verður greiðslu við hamarshögg og verða ávísanir ekki teknar gildir. Ekki er tekið við greiðslukortum.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi, 21. júní 2019



Hvolsskóli

Hvolsskóli auglýsir eftir umsjónarkennara á elsta stig

Starfshlutfall er umsemanlegt en getur verið allt upp í 100%. Um er að ræða tímabundna ráðningu.

Hæfniskröfur:

Umsækjandi þarf að búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði og metnað fyrir starfi sínu. Hann þarf einnig að hafa gott vald á íslenskri tungu, vera við góða heilsu, vera jákvæður og tilbúinn að starfa eftir þeim stefnum og gildum sem eru í Hvolsskóla.

Fylgigögn með umsókn:

Ferilskrá:

- Upplýsingar um menntun – leyfisbréf.
- Upplýsingar um fyrri störf.
- Upplýsingar um meðmælendur.

Menntunarkröfur og starfsvið:

B.Ed. gráða eða M.Ed. og heimild til kennslu í grunnskóla

- Umsjón með bekk/nemendahópi með þeim skyldum sem felast í því starfi.
- Samskipti við foreldra.
- Seta í teyrum/nefndum eftir því sem við á.

Hvolsskóli er grunnskóli í Rangárbírgi eystra. Þar eru um 240 nemendur í 1.–10. bekk og koma um 45% þeirra með skólabíl á morgnana. Skólinn starfar undir merkjum Uppeldis til ábyrgðar, ART og er Grænfánaskóli, Heilsueflandi grunnskóli og Kötlum jarðvangs – UNESCO skóli. Frekari upplýsingar er að finna á heimsíðu skólans: www.hvolsskoli.is.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 488 4240 eða á netfanginu skolastjori@hvolsskoli.is.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júlí 2019 og skulu umsóknir berast á skrifstofu skólans eða á netfangið skolastjori@hvolsskoli.is ásamt umbeðnum fylgigögnum.

Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka



Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin hátíðleg síðustu helgi. Veðrið lék við bæjarbúa og aðra hátíðargesti. Bænum var skipt upp í lituð hverfi. Hverfin fengu að spreyta sig gegn hvert öðru í Jónsmessubolta þar sem liðin fóru eftir litum hverfanna. Leikar fóru svo að rauða hverfið bar sigur úr býtum og fékk í vinning forlata farandbikar. Hátíðardagskrá laugardagsins var um allan Eyrarbakka. Víða var opið og m.a. var frítt inn á sýningar hjá söfnunum á Eyrarbakka. Um kvöldið var kveikt upp í Jónsmessubrennu í fjörinni vestan við Eyrarbakka. Íris Böðvarsdóttir ávarpaði gesti. Auðvitað var svo söngur, glens og gaman að hætti Eyrbekkinga. Þegar fór að deyja út í brennunni hélt fjörið áfram í Kjallaranum í Rauða húsinu. Óhætt er að segja að hátíðin hafi heppnast einstaklega vel þetta árið.

-gpp

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN

SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Jiibbii Siggafærðir

- Flutningabjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsóllur
Sími 772 6010

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli-Þjónustan ehf.

Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaþiðgerðir • Almennar raflagnir

HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Þreint um allt Suðurland

Tæknibjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reyksla
Gunnar Guðmundsson sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

FYLGD Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Josera
Gæludýrafóður

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðabjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar Strigaprentun Fatamerkingar Gluggafilmur Límmiðar Skiltagerð Filmulausnir og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is [Facebook](https://www.facebook.com/filmulausnir)
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is